

SVERRIR JÓNSSON

Slappar af með fartölvuna í fanginu

Heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Íslendingar kaupa eignir í sólinni

Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON

Stefnir á landsliðið

Heldur sér í formi með Lunch United
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. október 2007 – 280. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Hollywood teygir sig víða

Verkfall leikstjóra og leikara í kvikmyndaborginni hefur áhrif á íslenska kvikmyndagerð.

FÓLK 30



Vantar 40 jólasveina

Anna Bergljót Thorar-ensen ætlar að vera stórtæk á jólasveinamarkaðinum í ár.

FÓLK 30



Tafl þeirra hluta

„Helsta hlutverk stjórnálaganna á okkar dögum er að læra á þessa auðmenn, læra að nota þá – læra að vinna með þeim að því að beina afli peninganna í farsælan farveg.“ segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16


Markahrókur

Eiður Smári Guðjohnsen sló markamet landsliðsins gegn Lettum á laugardag en hann sló einnig met föður síns, Arnórs, yfir flest mörk skoruð í landsleik á Laugardalsvelli.

ÍPRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



NORÐLÆG ÁTT - hvassast vestanlands. Snjó- eða slydduél norðan til en bjart syðra.

VEÐUR 4

Flestir andvígir útrás OR með einkaaðilum

Rúmlega tveir af hverjum þremur telja ekki rétt að Orkuveitan standi í útrásarverkefnum með einkaaðilum. Svipað hlutfall telur að ekki hafi verið rétt að sameina REI og Geysi Green. Meirihluti vill að samningnum verði rift.

SKOÐANAKÖNNUN Alls 57,0 prósent borgarbúa segja að rifta eigi sameiningarsamningi Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var á laugardag. Heldur fleiri konur en karlar vilja að samningnum verði rift, 65,1 prósent, en 50,2 prósent karla. Rúmlega 92 prósent þeirra sem eru mótfallnir því að sameining fyrirtækjanna hafi átt sér stað vilja að samningnum sé rift, en tæplega átján prósent þeirra

sem voru fylgjandi sameiningunni vilja að samningnum sé rift. Drjúgur meirihluti borgarbúa er mótfallinn sameiningu þessara tveggja fyrirtækja og rúm 67 prósent telja að ekki hafi verið rétt að sameina Reykjavík Energy Invest og Geysi Green Energy. Andstaðan er meiri meðal kvenna, en 73,0 prósent þeirra segjast mótfallin sameiningu fyrirtækjanna, en 62,4 prósent karla. Þegar spurt var út í grundvallar-afstöðu til þess hvort Orkuveitan

og einkaaðilar eigi að starfa saman í útrásarverkefnum sögðust rúm 68 prósent vera því mótfallin. Þar af voru 75,4 prósent kvenna því mótfallin en 61,7 prósent karla. Hæst er hlutfall kjósenda Vinstri grænna sem eru andvígir því að Orkuveitan og einkafyrirtæki eigi saman fyrirtæki í útrásarverkefnum. 63 til 65 prósent stuðningsmanna annarra flokka eru andvíg slíku samstarfi.

- ss/sjá síðu 4



VLADIMÍR PÚTÍN Upp komst um morðsamsæri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín á leið til Írans: Samsæri um að myrða Pútín

RÚSSLAND, AP Vladimir Pútín Rússlandsforseti hefur fengið upplýsingar um að sjálfsmorðsársmenn hafi haft áform um að ráða hann af dögum þegar hann kemur í heimsókn til Írans nú í vikunni.

Þetta fullyrða rússneskir fjölmiðlar og vitna í heimildarmanntil rússnesku leyniþjónustunni.

Pútín er nú í Þýskalandi, þar sem hann hitti Angelu Merkel kanslara í gær. Í kvöld hyggst hann halda áleiðis til Írans að ræða við Mahmoud Ahmadinejad forseta og taka þátt í ráðstefnu Kaspíahafsríkja.

- gb

Tóku röng börn heim: Munu ekki víxla á börnunum

TÉKKLAND Tvær tékkneskar mæður, sem komust að því tíu mánuðum eftir barnsburð að börnin þeirra höfðu víxlast á fæðingadeildinni, hafa ákveðið að skila ekki börnunum.

Konurnar tvær, sem báðar eru 25 ára gamlar, segjast ekki geta afborið að skilja við börnin sem þær hafa annast í tíu mánuði. Misskilningurinn kom í ljós í september.

„Ég hef elskað dóttur mína í næstum ár,“ sagði önnur móðirin. „Ég gæti ekki þurrkað hana burt úr hjarta mínu.“

- sgj



SÍÐASTA EMBÆTTISVERKIÐ Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fráfarandi borgarstjóri, tók fyrstu skóflustunguna að öryggisbúðum fyrir aldraða við Spöngina í Grafarvogi í gær. Vilhjálmur sagði að íbúðirnar hefðu verið meðal fyrstu verka hans sem borgarstjóra og að hann hefði persónulegan áhuga á málefnum aldraða. Skóflustungan var að líkindum síðasta embættisverk Vilhjálmssonar sem borgarstjóri Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Forstjóri Haga gagnrýnir ASÍ harðlega fyrir vinnubrögð við verðkannanir: Kannanir ASÍ útlægar úr Bónus

VERSLUN „Við getum ekki sætt okkur við þessi vinnubrögð og eina úrræði okkar er að meina þeim að taka þessar kannanir hjá okkur,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga, sem segir vinnubrögð ASÍ við verðkannanir í lágvörðverslunum vera óvönduð og hafa skaðað fyrirtækið.

Að sögn Finns verður ASÍ meinað að gera verðkannanir í verslunum Haga á meðan rekið er dómsmál sem þingfest var gegn ASÍ í sumar. Hagar reka meðal annars verslanir Hagkaupa, Bónuss og 10-11 auk margra fatabúða. Finnur segir matsmenn nú yfirfara sannleiksgildi fréttatilkynninga og yfirlýsinga ASÍ um

verðlag og verðþróun í verslunum Haga. „Vörubekking þeirra sem taka kannanirnar er því miður ekki nægjanleg og ónákvæmni í vinnubrögðum með þeim hætti að við getum ekki horft aðgerðarlausir á meðan skemmt er fyrir okkur,“ segir Finnur. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, hafnar því að vinnubrögðin séu óvönduð. „Að öðru leyti hef ég ekkert um þetta að segja annað en að við munum ekki standa í handalögum. Ef Hagar eða Bónus kjósa að láta ekki gera verðkannanir hjá sér þá verða þær ekki gerðar af okkar hendi,“ segir Grétar.

- gar



Helgi, var leikurinn lett-down?

„Já, við tókum þessu ekki lett.“

Landslið karla í knattspyrnu beið lægri hlut gegn landsliði Letta, 2-4, á laugardag. Helgi Sigurðsson framherji var í liði Íslendinga.

Piltur handtekinn á Selfossi: Ók drukinn á bíl föður síns

LÖGREGLUMÁL Fimmtán ára unglingspiltur var handtekinn grunaður um ölvun við akstur á Selfossi um hálsjöleyti í gærmorgun. Pilturinn, sem var vitaskuld réttindalaus, hafði tekið bílinn ófrjálsri hendi frá föður sínum og var talsvert ölvaður.

Á sögn lögreglunnar á Selfossi fékk hún tilkynningu um að bílnum hefði verið ekið út um allan veg. Hafði það vafalítið eitthvað að segja að hann hefði verið affelgaður á einu dekkinu. Míldi þótti að ekki fór verr og voru faðirinn og barnaverndarfulltrúi látnir vita af því sem gerðist.

Tekin var blóðprufa af piltinum og talið er líklegt að hann fái bílprófið eitthvað seinna en ella. Hugsanlega verður hann einnig sektaður fyrir athæfið, enda er hann orðinn sakhæfur.

- fb

Dómsmáli haldið áfram:

Látið reyna á lögmæti fundar

STJÓRN MÁL Nýr meirihluti ætlar ekki að svo stöddu að boða til nýs eigendafundar í Orkuveitu Reykjavíkur til að taka fyrir aftur samninga vegna sameingar Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy. Fyrst í stað á að biða niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur sem úrskurðað mun um lögmæti eigendafundarinnar sem haldinn var 3. október þar sem hin umdeilda sameining var staðfest. Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, stefndi málinu til héraðsdóms til að ógilda fundinn á þeim forsendum að til hans hefði verið boðað með of skömmum fyrirvara. Hún leiðir nú starf hóps sem fer yfir málefni OR.

- gar

Vandræðagangur Browns fer illa í breska kjósendur:

Íhaldsflokkurinn vinnur fylgi

BRETLAND, AP Breski Íhaldsflokkurinn fengi 43 prósent atkvæða en Verkamannaflokkurinn aðeins 34 prósent ef gengið væri til þingskosninga nú, að því er fram kemur í skoðanakönnun sem birtist í gær í sunnudagsútgáfu breska dagblaðsins Telegraph.

Niðurstöður könnunarinnar þykja ótvírætt merki um að framtístaða Gordons Brown undanfarið og vandræðagangur hans með hugsanlegar kosningar hafi farið illa í breskan almenning.

Meðan skoðanakannanir sýndu að Verkamannaflokkurinn stæði vel gaf Brown í skyn að hann myndi boða til kosninga innan



GORDON BROWN Forsætisráðherra Bretlands hefur glutað niður fylgi Verkamannaflokksins.

NORDICPHOTOS/AFP

skamms, en svo þegar skoðanakannanir sýndu fyrir rúmri viku að Íhaldsflokki væri farið að ganga betur tók Brown af skarið og ákvað að boða ekki til kosninga.

Breski Íhaldsflokkurinn hefur ekki átt jafn miklu fylgi að fagna síðan árið 1992, auk þess sem David Cameron, leiðtogi flokksins, stendur því nú betur að vígi en nokkru sinni síðan hann tók við formennskunni.

Á hinn bóginn nýtur Brown meira fylgis en Cameron, þar sem Brown mældist með 52 prósent stuðning á móti 32 prósentum Camerons.

Falconer lávarður, fyrrverandi dómsmálaráðherra í stjórn Tony Blair, segir að nú verði Brown að gera Bretum ljóst hvað hann hyggist fyrir á stjórnartíð sinni.

- gb

Ráðist á nítján ára dyravörð:

Sleginn í höfuð með spýtu

LÖGREGLUMÁL Nítján ára gamall dyravörður á skemmtistaðnum Tropical á Stórhöfða var fluttur á sjúkrahús eftir að hann var sleginn í höfuðið rétt fyrir miðnætti í fyrrinótt.

Að sögn lögreglunnar í Reykjavík réðust fjórir menn af erlendu bergi brotnir að dyravörðinum og slógu hann með spýtu.

Ekki er vitað hvað árásarönnunum gekk til. Málið er í rannsókn. Dyra-vörðurinn var útskrifaður af sjúkrahúsinu í gær eftir að hafa verið undir eftirliti yfir nóttina.

- fb

Áritun á skuldabréfi hindraði lóðaruppboð

Uppboði á Tívolílóðinni í Hveragerði var frestað er í ljós kom að tvenns konar mismunandi skuldabréf hvíla á lóðinni. Bærinn hafði selt byggingarrétt á lóðinni og veitt heimild til veðsetningar á réttinum en ekki lóðinni sjálfri.

SVEITARSTJÓRNIR Uppboði á svokallaðri Tívolílóð var frestað í miðjum klífum á fimmtudag í síðustu viku þegar í ljós kom að tvær mismunandi útgáfur voru til af skuldabréfum sem hvíla á lóðinni.

Hveragerðisbær seldi í fyrravor byggingarréttinn á Tívolílóðinni, sem er í Austurmörk 24, á 50 milljónir króna til Ármanna, félags í eigu feðganna Guðmundar Sigurðssonar og Sigurðar Fannars Guðmundssonar. Þeir færðu síðan byggingarréttinn inn í félagið Hraunprýði, sem einnig átti tvær aðliggjandi lóðir. Hraunprýði var selt. Fjórum veðskuldabréfum fyrir samtals 400 milljónir króna var þinglýst á lóðirnar. Bréfin eru í vanskilum og óskuðu feðgarnir eftir uppboði á Austurmörk 24. Uppboði átti að vera á bæjarstjórnarskrifstofu Hveragerðis á fimmtudag en var óvænt frestað. Bæði hafði verið krafa um uppboð á byggingarréttinum og á lóðinni sjálfri. Ákvað Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, þá að sameina uppboðin og bjóða byggingarréttinn og lóðina upp saman í einu lagi.

Aðspurður staðfestir Ólafur Helgi að eftir að ákveðið hafi verið að sameina uppboðin hafi komið í ljós að um tvenns konar mismunandi bréf hafi verið að ræða. Þau hafi verið efnislega samhljóða en á sumum þeirra handskrifuð áritun um að einnig væri tekið veð í lóðinni sjálfri á Austurmörk 24.

Orri Hlökkversson, þáverandi bæjarstjóri í Hveragerði, gaf heimild til að veðsetja byggingarréttinn á Austurmörk hinn 3. febrúar í fyrra og skrifað upp á veðskuldabréf þess efnis. Ellefu dögum síðar komu bréfin til sýslumanns til þingfestingar og þá hafði handskrifaða áritunin bæst við. Við hana var fangamark Sigurðar Fannars Guðmundssonar.

Á bæjarráðsfunni á fimmtudag, eftir að uppboðinu var frestað, bókuðu fulltrúar meirihlutans að í ljós hefði komið að kröfur í lóðina sjálfa á Austurmörk 24 næmu rúmlega 200 milljónum þrátt fyrir að enginn lóðarleigusamningur hefði verið gefin út og lóðin því sannanlega í eigu Hveragerðisbæjar.

„Í skjölum sem lögð voru fram við uppboð í dag kemur fram að gefin er heimild til veðsetningar lóðarinnar sem er algjörlega fráleitt í ljósi þeirra ákvarðana sem bæjarstjórn tók á sínum tíma. Ef



AUSTURMÖRK 24 Bæjaryfirvöld í Hveragerði uppgötvuðu á fimmtudag að sýslumaður var að bjóða upp lóðina á Austurmörk 24 þrátt fyrir að bærinn hefði ekki selt frá sér lóðina heldur aðeins byggingarréttinn.



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON Sýslumaðurinn á Selfossi.



ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR Bæjarstjóriinn í Hveragerði.

lóðin fer á uppboð að öllu óbreyttu verður lóðin að eignarlóð hæstbjóðanda og bærinn yrði því af lóðarleigu til allrar framtíðar,” sögu Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og aðrir fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar Hveragerðis. Lögmaður bæjarins annast nú málið.

gar@frettabladid.is

Verkalýðsfélag Akraness:

170 þúsund í lágmarkslaun

VINNUMARKAÐUR Stjórn Verkalýðsfélags Akraness ætlar að leggja þá tillögu fyrir félagsfund sinn í kvöld að kröfugerð félagsins hljóði meðal annars upp á 170 þúsund króna lágmarkslaun í samningaviðræðum við vinnuveitendur í haust.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að verkalýðsforystan eigi ekki að beygja sig enn eina ferðina fyrir þeim rökum að of mikil hækkun launa verkafólks ógni stöðugleika. Stöðugleikinn sé ekki eingöngu á ábyrgð verkafólks.

„Nú er komið að öðrum að axla þá ábyrgð,” segir hann. „Tími verkafólks er runnin upp, við biðum ekki lengur.“

- ghs

Erill um helgina hjá lögreglu:

Sautján ölvæðir undir stýri

LÖGREGLUMÁL Sjö manns voru handteknir í aðfaranótt sunnudags fyrir minni háttar líkamsárásir eða brot á lögreglusamþykkt. Jafnframt voru sex öukumenn handteknir á höfuðborgarsvæðinu grunaðir um ölvun við akstur á þessum tveimur sólarhringum. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík var helgin mjög erilsöm og fangageymslur troðfullar.

- fb

Niðuröðun formanna nýja meirihlutans að ljúka og málefni taka á sig mynd:

Mislægu gatnamótin slegin af

STJÓRN MÁL Fulltrúar framboðanna fjögurra sem mynda nýjan meirihluta í Reykjavík eru langt komnir með að ákveða hverjir muni gegna formennsku í helstu nefndum og ráðum á vegum borgarinnar.

Búið er við að nýi meirihlutinn falli frá ákvörðunum fráfarandi meirihluta um gerð mislægra gatnamóta á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna, formaður skipulagsráðs auk þess að vera formaður borgarstjórnarflokks meirihlutans. Flokksbróðir hennar Þorleifur Gunnlaugsson verður formaður í umhverfis- og samgöngunefnd.

Frá Samfylkingu verður Oddný Sturludóttir formaður menntaráðs. Björk Vilhelmsdóttir formaður velferðarráðs og Sigrún Elsa Smáradóttir verður formaður stjórnar Orkuveitu Rykjavíkur. Dagur B. Eggertsson verður svo borgarstjóri eins og fram hefur komið.

Framsóknarmaðurinn Björn Ingi Hrafnsson verður formaður Íþrótt- og tómsundaráðs og formaður stjórnar Faxaflóahafna auk þess að vera formaður borgarráðs. Flokksbróðir hans Óskar Bergsson verður



ODDVITARNIR Hafa hver um sig raðað borgarfulltrúum í stóla formanna nefnda og ráða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

formaður stjórnar Eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

Margrét Sverrisdóttir, fulltrúi Frjálslyndra og óháðra, verður formaður menningar- og ferðamálaráðs. Ef Ólafur F. Magnússon verður kominn úr veikindaleyfi mun hann líklega setjast í stól formanns nýs heilbrigðisráðs sem taka á til starfa um áramótin.

- gar

PIPAR • SIA • 71898

PTP HÁRSNYRTIVÖRUR

Þegar keypt er sjampó og hármótunarefni í PTP línunni fylgir PTP hárnæring frítt með.

HAIRCARE SYSTEM

Apótekið Lægi vör

LYFJA - Lífið heil

Ég er í athvarfi fyrir fólk með geðraskanir



Ég er
sjálfboðaliði
+ Rauði krossinn

„Mig langaði að takast á við eitthvað nýtt, öðruvísi og ögrandi. Þetta gefur mér líka tækifæri til að læra íslensku og kynnst menningunni.“ Daniel Németh, 21 árs

Rúmlega 100 sjálfboðaliðar starfa í sjö athvörfum fyrir fólk með geðraskanir víða um land.

spron
er styrktaraðili áttaksins

Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna ómetanlegt starf sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, mæta neyð og aðstoða þá sem eru hjálparþurfi af einhverjum orsökum. Þú getur gerst sjálfboðaliði, eða lagt okkur lið á annan hátt, í starfi sem leitast við að auka mannúð og bæta samfélag okkar.

Verkefni eru gefandi, fjölbreytt og óþrjótandi – vertu með!

Rauði krossinn
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	60,05	60,33
Sterlingspund	121,71	122,31
Evra	85,11	85,59
Dönsk króna	11,424	11,49
Norsk króna	11,132	11,198
Sænsk króna	9,336	9,39
Japanskt jen	0,5111	0,5141

SDR	93,2	93,76
-----	------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,3398
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landsmót lúðrasveita fór fram á Hornafirði um helgina:

Settu Íslandsmet í trommuleik

FÓLK 450 börn á aldrinum níu til fjórtán ára komu saman á Höfn í Hornafirði um helgina. Börnin eru í sextán lúðrasveitum víðs vegar um landið og komu til Hornafjarðar á Landsmót lúðrasveita.

„Þetta gekk ljómandi vel,“ segir Jóhann Morávek, skólastjóri Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu, sem tók á móti börnunum. „Krakkarnir sameinuðust í fjórar lúðrasveitir sem voru flokkaðar eftir aldri og um hundrað börn voru í hverri sveit. Svo var einnig fjörtíu manna slagverksveit sem við reiknum með að hafi sett

Íslandsmet í trommuleik þegar hún lék verkeið sitt á laugardag.“

Lúðrasveitirnar fjórar æfðu hver um sig á æfingastöðum sem sérstaklega voru búnir til fyrir mótið. Þær æfðu fjögur lög sem voru sérstaklega útsett fyrir mótið. „Það voru í heildina sextán lög sem voru flutt í nýjum búningi og svo tvö frumflutt lög eftir íslensk tónskáld.

Mótinu lauk síðan með því að sveitirnar spiluðu lögin sín á tónleikum. Svo kom stórsveit Samúels J. Samúelssonar og tók lagið og lét alla krakkana spila með sér.“



RAUÐA SVEITIN Lúðrasveitirnar fjórar voru flokkaðar í gula, rauða, græna og bláa eftir aldri. MYND/JÓHANN MORÁVEK

Félagar í Einingaflokknum: Kjósa um Asmaa

DANMÖRK Félagar í danska stjórnmalaflokknum Einingarlistinn hafa fengið það verkefni að greiða atkvæði um það hvort Asmaa Abdol-Hamid eigi að færast neðar á lista flokksins fyrir næstu þingkosningar til að tryggja að hún komist ekki á þing.

Flokksstjórnin ákvað á fundi um helgina að láta alla féлага í flokknum skera úr um þetta og verður niðurstaðan kynnt 11. nóvember. Asmaa er nú í öðru sæti lista flokksins í Kaupmannahöfn. Asmaa er afar umdeild í Danmörku. Í sumar stýddi hún því yfir að hún stýddi baráttu uppreisnarmanna í Írak gegn dönskum hermönnum þar.

Sigrún Elsa Smáradóttir: Neikvætt ljós á öllu verkefninu



„Ég get ekki sagt að þetta komi sérstaklega á óvart,“ segir Sigrún Elsa Smáradóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. „Mjög margt hefur

komandi fram í aðdrag þessa máls um vinnuáferðir og einstaka efnispætti þess sem hafa orkað tvímælis og varpað neikvæðu ljósi á allt verkefnið.“

Sigrún Elsa segir að nýr meirihluti muni fara yfir málið í heild sinni. „Niðurstaða þeirrar skoðunar verður lögð til grundvallar frekari ákvarðanatöku í málinu, með það að leiðarljósi að verja hagsmuni Reykíkinga,“ segir Sigrún Elsa.

Júlíus Vífill Ingvarsson:

OR á ekki að taka þátt í útrás



„Það er athyglisvert að meirihluti aðspurðra er að lýsa andstöðu við þá stefnu sem núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur hreinlega verið stofnaður utan um,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Júlíus segir ljóst að Reykíkingar taki undir með sjálfstæðismönnum að OR eigi fyrst og fremst að framleiða rafmagn og tryggja heitt og kalt vatn og fráveitu. „Komi í ljós að OR verði aflögu-fær á að nýta þá fjármuni til að lækka gjaldskrár, en ekki standa í samkeppnisrekstri,“ segir Júlíus. „Síst af öllu á þetta góða fyrirtæki að verða vettvangur spillingar og siðleysis.“

Flestir vilja að Orkuveitan losi sig úr útrásarverkefnum


Tæplega 70 prósent borgarbúa telja ekki rétt að Orkuveita Reykjavíkur eigi í útrásarfyrirtæki með einkaaðilum. Svipað hlutfall telur að ekki hafi verið rétt að sameina Reykjavík Energy Invest og Geysi Green Energy. Rúmur helmingur telur rétt að rifta sameiningarsamningi REI og Geysis Green.

SKOÐANAKÖNNUN 68,2 prósent segja ekki rétt að Orkuveita Reykjavíkur eigi í fyrirtæki í útrásarverkefnum með einkaaðilum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 31,8 prósent eru því slíkrir útrásarstarfsemi fylgjandi. Stuðningurinn er aðeins meiri meðal karla en kvenna. 38,3 prósent karla telja rétt að Orkuveitan eigi í slíku útrásarverkefni en 24,6 prósent kvenna. Stuðningurinn er mestur meðal þeirra sem styðja Samfylkingu, Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk. 37,0 prósent stuðningsfólks Samfylkingar styðja útrásarfyrirtæki Orkuveitunnar með einkafyrirtæki, 35,5 prósent stuðningsfólks Sjálfstæðisflokks og 34,8 prósentstuðningfólks Framsóknarflokks. 27,8 prósent þeirra sem ekki gáfu upp hvaða flokk þeir myndu kjósa styðja slíkt útrásarverkefni en 24,7 prósent þeirra sem styðja Vinstri græn.

Aðeins minna hlutfall, eða 67,2 prósent, telur ekki hafa verið rétt að sameina Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysi Green Energy (GGE). 72,5 prósent þeirra sem styðja almennt að Orkuveitan eigi fyrirtæki í útrásarverkefnum með einkaaðilum telja rétt að sameina REI og GGE. 83,9 prósent þeirra sem eru mótfallin slíku útrásarstarfi Orkuveitunnar eru einnig mótfallin sameiningu REI og GGE.

Mestur er stuðningurinn við sameiningu REI og GGE meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins, en 52,0 prósent telja að það hafi verið rétt að sameina fyrirtækin. Í

■ **Á Orkuveita Reykjavíkur að eiga í fyrirtæki í útrásarverkefnum með einkaaðilum?**



■ **Var rétt að sameina Reykjavík Energy Invest og Geysi Green Energy?**



■ **Á að rifta sameiningarsamningi Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy?**



SKV. SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 13. OKTÓBER



kringum 28 prósent kjósenda Framsóknarflokks og Samfylkingar og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmalaflokk eru fylgjandi sameiningunni, en 12,3 prósent kjósenda Vinstri grænna.

57,0 prósent telja rétt að rifta sameiningarsamningi Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy, en 43,0 prósent eru því mótfallin. Af þeim sem voru samþykkir sameiningu fyrirtækjanna eru 92,3 prósent á móti því að sameiningarsamningi verði rift, en 82,2 prósent þeirra sem voru mótfallin sameiningunni vilja að samningnum verði rift.

Það er hæst hlutfall kjósenda Vinstri grænna sem er fylgjandi því að sameiningarsamningi REI og GGE verði rift, 78,3 prósent. Þá telja 70,2 prósent þeirra sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmalaflokk rétt að rifta honum. 64,1 prósent kjósenda Samfylkingar vill að samningnum verði rift en minnihluti stuðningsfólks Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. 40,0 prósent kjósenda Framsóknarflokks vilja að sameiningarsamningi REI og GGE verði rift, en 36,2 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokks.

Hringt var í 600 Reykíkinga á

kosningaaldri laugardaginn 13. október. Spurt var: Á Orkuveita Reykjavíkur að eiga í fyrirtæki í útrásarverkefnum með einkaaðilum? 82,2 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Þá var spurt: Var rétt að sameina Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysi Green Energy (GGE)? 69,7 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Að lokum var spurt: Á að rifta sameiningarsamningi Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysis Green Energy (GGE)? 71,7 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Frosin læsing? Náðu þér í lása „sprey“ með afmæliskorti Olís

Þú færð afmæliskortið á næstu Olís-stöð.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» miðvikudagur

Kaupmannahöfn	13°C léttskýjað	London	18°C léttskýjað	Eindhoven	17°C léttskýjað
Billund	12°C skýjað	Paris	18°C heiðskýrt	Basel	19°C skýjað
Ósló	15°C léttskýjað	Frankfurt	17°C léttskýjað	Alicante	23°C skýjað
Stokkhólmur	12°C rigning	Friedrichshafen	15°C skýjað	Róm	24°C heiðskýrt
Gautaborg	14°C skúrir	Berlin	19°C léttskýjað	Las Palmas	24°C heiðskýrt

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

AUREA




Seiðandi samspil ljóss og lita

Láttu fegurð og áhrifamátt ljóssins umbreyta sjónrænni upplifun þinni með **Philips Aurea Flat TV LCD** flatskjánum. **Ambilight Spectra** tæknin með **Active Frame** skjáumgjörðinni framkallar samspil ljóss og lita er skapar nýjar víddir í áferð og skerpu. Um flatskjá með **Perfect Pixel HD Engine** tækni og **Full HD 1080p LCD** upplausn er aðeins eitt að segja – sjón er sögu ríkari.

PHILIPS
sense and simplicity

Powered by  **ambilight**



REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS
SUÐURLANDSBRAUT 26 GLERÁRGÖTU 36 GARÐARSBRAUT 18A EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500 460 3380 464 1600 480 3700



Heimilistæki

ht.is



Horfðir þú á landsleik Íslands og Lettlands?

Já 35,4%
Nei 64,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú á Iceland Airways?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Perurnar í Friðarsúlunni í Viðey eru 85 þúsund vött:

Kostnaður kvartmilljón á ári

REYKJAVÍKURBORG Tólf ljóskastarar eru í Friðarsúlu Yoko Ono og Listasafns Reykjavíkur í Viðey og er heildarvattafjöldi allra peranna samtals 85 kílóvött, eða 85 þúsund vött. Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, segir að talað sé um að Friðarsúlan verði logandi í um 200 klukkustundir á ári.

„Það þýðir orkukostnað upp á um 250 þúsund krónur. Við höfum fengið erindi frá Listasafni Reykjavíkur um að Orkuveitan standi undir þeim hluta rekstrarkostnaðarins og ég á frekar von á að því verði ljúfmannleg tekið en verkið er í eigu Listasafns Reykjavíkur,“ segir



TÓLF LJÓSKASTARAR Tólf ljóskastarar eru í Friðarsúlunni og eru perurnar samtals 85 þúsund vött.

Eiríkur Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir að Friðarsúlan verði logandi frá 9. október til 8. desember. Kveikt verði á henni klukkustund eftir sólarlag og hún verði logandi til

miðnættis. Á gamlársdag verði kveikt á henni við sólarlag og hún höfð logandi í tuttugu tíma, eða til klukkan ellefu morguninn eftir. Vikuna 19.-25. mars verði síðan kveikt á henni aftur.

„Þetta tengist endurnýjun lífsins, bæði um áramótin þegar nýtt ár er að byrja og eins þegar vorið kemur,“ segir hann.

Misjafnt er hve langt ljósið drífur út í geiminn og fer það eftir aðstæðum í loftinu. Hafþór segir að sé rigning eða raki í loftinu verði ljósið mjög sýnilegt en í heiðskíru, tándurhreinu lofti sjáist það hugsanlega ekki einu sinni frá Sæbrautinni. Þannig sé það líka hugsað. - ghs

Græna netið:

Í vafa um gagn álfers í Helguvík

UMHVERFISMÁL Mörður Arnason var kjörinn formaður Græna netsins, félags umhverfis- og náttúruverndarsinna í Samfylkingunni, á stofnundi þess í gær. Í ályktun stofnfundar er efasemdum lýst um gagnsemi álfers í Helguvík og þess krafist að stjórnvöld meti áhrif þess.

Græna netið hvatti jafnframt stjórnvöld til að afstýra áformum um miðlunarkjarnir í neðri hluta Þjórsár og beindi því til nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur að náttúru- og umhverfissjórnarmíð kæmu við sögu við endurskoðun á stefnu Orkuveitu Reykjavíkur. - sjs

ég er sjálfböðaliði

Starf í athvarfi

Rauði krossinn auglýsir eftir sjálfböðaliðum í athvörf fyrir fólk með geðraskanir.

Markmið verkefnisins er að rjúfa félagslega einangrun fólks með geðraskanir, auka á lífsgæði gesta og hjálpa þeim til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Sjálfböðaliðar þurfa að hafa náð 18 ára aldri og sækja undirbúningsnámskeið. Þeir taka þátt í starfsemi athvarfsins og veita gestum félagsskap.

Nánari upplýsingar í síma 570 4000 og á raudikrossinn.is

Milljóna sektir vegna umdeilda skrifa DV

Ritstjórar DV og fyrrverandi útgefendur þess hafa þurft að borga sektir í sex mismunandi málum vegna meiðyrða eða brots á einkalífi. Formaður Blaðamannafélags Íslands man ekki eftir öðrum eins fjölda dóma yfir einum fjölmiðli.

FJÖLMÍDLAR 365 miðlar, sem áður gáfu DV út, voru fyrir helgi dæmdir í Hæstarétti vegna staðhæfinga blaðsins um sálfræðinginn Gunnar Hrafn Birgisson. Ritstjórar DV og fyrrverandi útgefendur þess hafa nú sex sinnum þurft að borga sektir vegna meiðyrða eða brots á friðhelgi einkalífs frá endurreisn blaðsins eftir gjaldþrot árið 2003. 365 miðlar gefa út Fréttablaðið.

Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, segist ekki muna eftir öðrum eins fjölda dóma yfir einum fjölmiðli á Íslandi. „Þegar fólk er ósátt við umfjöllun fer það oft fyrst til síðanefndar Blaðamannafélagsins, en þessi mál virðast flest hafa farið beint fyrir dómstóla,“ segir Arna.

Dómurinn á fimmtudag var annar dómurinn sem fallið hefur í Hæstarétti vegna skrifa DV. Fyrrverandi ritstjórar þess, Mikael Torfason og Jónas Kristjánsson, voru dæmdir í Hæstarétti til að greiða Jónínu Benediktsdóttur 1,2 milljónir vegna brots gegn einkalífi.

Fjórir dómarnir varða skrif þegar Mikael sat í stóli ritstjóra. Í þremur þeirra hafði Jónas verið honum við hlið. Í september árið 2006 var samið um bætur vegna ónærgætinna skrifa DV um veikan mann í ritstjóratið Mikael og Jónasar. Upphæð greiðslunnar var ekki gefin upp.

Síðastliðinn júní voru fyrrverandi ritstjórar DV, Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson, sektaðir um hálf milljón fyrir meiðyrði.

Atli Gíslason, lögmaður og þingmaður Vinstri grænna, segir



FYRRVERANDI RITSTJÓRAR Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason voru ritstjórar þegar flestar þessara umdeildu staðhæfinga fóru á prent.

SEKTIR DV FRÁ ENDURREISN ÁRIÐ 2003

- **28. október 2005** Mikael Torfason og Illugi Jökulsson, ritstjórar DV, dæmdir í héraðsdómi fyrir ummæli um Ásmund Gunnlaugsson jógakennara árið áður. 600 þúsund króna sekt greiðist af ritstjórunum.
- **16. júní 2006** Mikael og Illugi sektaðir um 100 þúsund krónur fyrir tvenn ummæli um Ástþór Magnússon. Ummælin dæmd dauð og ómerk.
- **25. september 2006** Samið um skaðabætur vegna nærgönguls fréttaflutnings DV af veikindum manns. Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason voru ritstjórar.
- **5. júní 2007** Fyrrverandi ritstjórar, Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson, sektaðir um

hálf milljón fyrir meiðyrði. Geir Hlööðver Ericsson var í DV sagður vera „góðkunngi lögreglunnar“, „óþjóðalýður“ og „náinn samverkamaður“ þekktra fikniefnasmyglara.

- **4. október 2007** Jónas og Mikael dæmdir í Hæstarétti til að greiða 1,2 milljónir vegna brots gegn einkalífi Jónínu Benediktsdóttur. Ummæli um einkalíf hennar þóttu ekki eiga erindi á prent.
- **10. október 2007** 365 miðlar, sem áður gáfu út DV, eru dæmdir til að greiða Gunnari Hrafn Birgissyni sálfræðingi 1,2 milljónir í bætur vegna staðhæfinga um störf hans sem birtust í blaðinu árið 2005. Þá voru Jónas og Mikael ritstjórar.

blasa við að fjársterkari fjölmiðlar séu betur í stakk búnir að taka á dómsmálum sem þessum.

„Svona mál kostar fimm milljónir á að giska,“ segir Atli.

steindor@frettabladid.is

NJÓTTU netsins!

SPRONnet

75 ára |

5125050

Bóndi fær ekki að meta bætur vegna vatnsnotkunar Landsvirkjunar:

Verður að taka við vatninu

DÓMSMÁL Gunnar Jónsson, bóndi á Egilsstöðum, fær ekki matsmenn til að meta bætur frá Landsvirkjun. Bæturnar eru vegna nýtingar á landi Gunnars við að koma vatni úr Kárahnjúkavirkjun til sjávar. Dómurinn féll í Héraðsdómi Austurlands í gær.

Gunnar á land í Fljótsdalshéraði sem liggur að Lagarfljóti, og á hann því vatnsbotninn út í miðjan farveg innan jarðarmerkja samkvæmt lögum um eignarrétt. Þennan vatnsfarveg mun Landsvirkjun nýta til að koma vatni Jökulsár á Brú til sjávar eftir að það hefur verið nýtt til raforkuvinnslu í Kárahnjúkavirkjun.

Í matsbeiðninni kemur fram að sú kvöð hafi verið lögð á Gunnar að taka við vatninu. Vegna þess ætti að kalla til tvo sérfróða matsmenn sem myndu meta hæfilegt árgjald vegna þess. Engin heimild sé í vatnalögum eða öðrum lögum sem skyldi Gunnar til að taka við vatninu án endurgjalds eða bóta.

Dómurinn hafnaði þessari beiðni á þeim forsendum að nýting Landsvirkjunar á vatnsfarvegi Lagarfljóts sé Gunnari að meinalausu og gangi ekki



LAGARFLJÓT Bóndinn á hluta af farvegi Lagarfljóts, þar sem vatn úr Kárahnjúkavirkjun mun renna á leið sinni út í sjó. Hann er skyldugur til að taka við vatninu þar sem Landsvirkjun fékk lagaheimild til að stífla Jökulsá á Brú og leiða vatn hennar í nýjan farveg.

gegn nýtingarheimildum hans sem landeiganda. Vatnalögin beri að skilja þannig að landeiganda sé skylt að taka við vatni á landareign sína, hafi sá sem veitir vatninu til þess sérstaka heimild. Hvergi sé minnst á bætur vegna þess í lögnum. - sjs

HVÍTT ER LITURINN

SAMSUNG

ÞEGAR VANDA ÞARF VALIÐ HLÝTUR SAMSUNG AÐ KOMA UPP Í HUGANN



19" SAMSUNG ER TILVALIÐ Í ELDHÚSIÐ

Jamie Oliver alltaf skemmtilegur.

19" LCD sjónvarpstæki

Samsung LE19R71BX

12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 2000:1
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI, Component, SCART x 2,
Einnig fánlegt svart

FRÁBÆRT VERÐ: 64.900 kr.



32" SAMSUNG Í SVEFNHERBERGIÐ

Glæsilegt og rómantískt.

32" LCD sjónvarpstæki

Samsung LE40R32WDX

Digital sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 8000:1
Mynd í mynd (1 tuner)
3 HDMI, Component
SCART x 2,
Einnig fánlegt svart

FRÁBÆRT VERÐ: 149.900 kr.



40" SAMSUNG STÍLHREINT Í STOFUNA

Frábær upplifun.

40" LCD sjónvarpstæki

Samsung LE40R86WDX

Digital sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 8000:1
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
3 HDMI, Component
SCART x 2,
Einnig fánlegt svart

FRÁBÆRT VERÐ: 249.900,- kr.

TOPP GÆÐI Á FRÁBÆRU VERÐI
Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.

ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800	ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900	ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
--	---------------------------------------	--------------------------------------	--	--	---	---	---	---	--	-------------------------------------

Fons eignarhaldsfélag sýknað af kröfum eins stofnanda Iceland Express:

Halda verður gerða samninga

DÓMSMÁL Fons, eignarhaldsfélag í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, var sýknað af kröfu Sigurðar Inga Halldórssonar, eins stofnanda Iceland Express, upp á 21 milljón króna auk vaxta í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Krafan byggðist á því að Sigurður hafi fengið ósanngjarnt verð fyrir hlut sinn í Iceland Express þegar hann var seldur. Félagið hafi verið meira en helmingi verðmætara þegar hluturinn var seldur en kaupsamningurinn hljóðaði upp á.

Málið er það fyrsta sem tekið er fyrir af þremur sem stofnendur Iceland Express hafa höfðað af

sömu ástæðum. Það er því prófmál fyrir hin málin.

Í dómnum segir að halda verði gerða samninga til að festa verði í viðskiptalífínu. Ákveðin áhætta fylgi alltaf hlutafjárkaupum og þá áhættu verði samningsaðilar að bera.

Að mati dómsins hafi Sigurði ekki tekist að sýna fram á að skilyrðum samningalaga, sem segja að víkja megi samningi til hliðar ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sé fullnæg.

Því var Fons sýknað af öllum kröfum Sigurðar. Málskostnaður féll á hvorn aðila fyrir sig. -sps



ICELAND EXPRESS Málið er prófmál, en hinir tveir stofnendur Iceland Express hafa höfðað mál á sömu forsendum.

EKKI BÍÐA EFTIR FYRSTA SNJÓNUM...

Komdu með bílinn fyrir 20. október og þú bæði sparar og losnar við alla bið. Hjólbarðapjónusta N1 er búin fyrsta flokks tækjakosti og hefur á að skipa reynslumiklu starfsfólki.

Borgin sparar mat við gamla fólkið

Aðstandendur fólks á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum segja kröfur velferðarsviðs um sparnað bitna á gamla fólkinu. Hjúkrunarfræðingur segir stöðuna hvergi jafn slæma. Stöðugildum sé fækkað og matur fólks skorinn niður.

VELFERÐARMÁL Soffía Erla Stefánsdóttir, formaður nýstofnaðs aðstandendafélags á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum, segir niðurskurð við gamla fólkið hafa gengið allt of langt. Það bitni á matarskömmtum og allri umönnun gamla fólksins sem þar dvelur.

„Mér skilst að velferðarsvið hafi gert stjórnendum heimilinu að spara 75 milljónir á árinu vegna ákvörðunar Steinunnar Valdísar [Óskarsdóttur] um að hækka laun umönnunarstétta. Það að laun þeirra lægstlaunuðu hafi verið hækkuð er látið bitna á gamla fólkinu,“ segir Soffía. Hún tekur fram að hún sakist ekki við forstöðukonu heimilisins heldur fráfarandi borgarstjórn.

Hólmáris Hjartardóttir hjúkrunarfræðingur, sem nýlega sagði upp starfi sínu á hjúkrunarheimilinu, segir stöðuna ekki forsvaranlega. Hún hafi unnið og komið inn á mörg önnur hjúkrunarheimili á landinu. Staðan sé orðin verst á Droplaugarstöðum.

Sérstaklega blöskri henni niðurskurður á kaffibrauði og kvöldmat til fólksins. Nú sé svo komið að kaffibrauðið á heimilinu á virkum dögum sé aðeins tekex með osti og kvöldmatur oftast pakkasúpa með mismunandi bragði. Þá bendir hún á að tungumálaörðugleikar á heimilinu séu orðnir verulegir, en um fjórutíu prósent starfsfólks við umönnun á Droplaugarstöðum eru af erlendum uppruna. Heimilismenn séu margir hverjir með heilabilun og eigi því erfitt með að koma kvörtunum á framfæri. Brýnt sé að fólkið, sem og aðrir aldraðir landsmenn, fái umboðsmann til að gæta réttinda þess. Undir það



EIGA ERFITT MEÐ AÐ KVARTA Hólmáris Hjartardóttir bendir á að mikið af heimilisfólkinu sé með heilabilun og eigi því erfitt með að koma álitni sínu til skila auk þess sem tungumálaörðugleikar séu miklir. Brýnt sé að aldraðir á Íslandi fái umboðsmann til að gæta réttinda þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/MYNDIN ER ÚR SAFNI

tekur Reynir Ingibjartsson, formaður aðstandendafélags aldraðra. „Stöðugildum starfsfólks á stofnuninni hefur einnig verið fækkað verulega. Ég tel að verið sé að koma til móts við mannekle með því að fækka stöðum, þar á meðal fagfólks,“ segir Hólmáris.

Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, segir fækkun stöðugilda ekki til komna vegna mannekle heldur vegna breytinga á þjónustu.

„Ég held að fólk sé almennt afskaplega ánægt með Droplaugarstaði. Þar er þó glímt við að láta daggjöldin duga fyrir rekstrinum, eins og á öllum öðrum hjúkrunarheimilum á landinu,“ segir Stella.

karen@frettabladid.is

15% afsláttur til 20. október

Afsláttur af umfelgun, vetrardekkjum og þjónustu. 10% afsláttur fyrir Viðskiptakortshafa auk 5% í formi punkta fyrir Safnkortshafa – samtals 15%. Þú getur sótt um kort á staðnum og nýtur þá afsláttarins.

Vetrarpakki fylgir dekkjumgangi til 20. október

Þeir sem kaupa umgang af dekkjum fyrir 20. október fá sérstakan kaupauka; bílabón, bílasápu, svamp, tjöruhreinsi og sköfu. Mættu tímanlega og vertu klár í veturinn.

Dekkjahótel ★★★★★

Notaðu bílskúrinn í eitthvað skemmtilegt og láttu okkur geyma fyrir þig sumardekkinn. Tekið er við dekkjum á öllum afgreiðslustöðum hjólbarðapjónustu N1. Í vor mætirðu einfaldlega á sama verkstæði og sumardekkinn bíða tilbúin.



Einar Kristjánsson,
sölumaður hjá RV

Með réttu úti - og innimottunum

- getur þú stoppað 80% af óhreinindunum við innganginn



Guzzler™

Á tilboði í október og nóvember 2007

Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is





- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING


Veldu það besta!



Nýjar glæsilegar leðurhúsgagnalínur



Rafmagnsrúm
í úrvali



Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR



Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

Dalsbraut 1



Svefn & heilsa
★★★★★

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

Listhúsinu Laugardal



Svefn & heilsa
★★★★★

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is



LÍNUNDANSARI Shabani, sem er tíu ára górilla, virðist ekki eiga í vandræðum með línundans þar sem hann fikrar sig eftir kaðli í Higashiyama-dýragerðinum í Nagoya í Japan. Reipið var hugsað fyrir górilla til að hanga í en Shabani fannst þetta skemmtilegri notkun.

NORDICPHOTOS/AFP

Ekið á tvítugan karlmann:

Náði meðvitund á spítala

LÖGREGLUMÁL Ekið var á tvítugan mann sem var á gangi á Geirsgötu um klukkan sex í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík virtust meiðsl hans mikil og hafði hann misst meðvitund. Þegar hann kom á slysideild Landspítalans rankaði hann við sér og kom fljótlega í ljós að meiðslin voru minni en á horfðist. Slapp hann við beinbrot.

Fokdýrt að hækka húsaleigubæturnar

Félagsmálaráðherra segir neyðarástand ríkja á húsnæðismarkaði. Ungt fólk stendur sérstaklega höllum fæti. Mögulegar úrbætur gætu verið að hækka húsaleigu- og vaxtabætur, sem eru afar kostnaðarsamar aðgerðir.

FÉLAGSMÁL Ríkisvaldið hefur takmörkuð úrræði til að bæta stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði. Í nýrri skýrslu félagsmálaráðuneytisins kemur fram að staða þess sé sérstaklega slæm.

Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd sem skila á inn tillögum að aðgerðum á húsnæðismarkaði. Hækkun húsaleigu- og vaxtabóta eru hugsanlegar aðgerðir að mati ráðherra, en slíkar aðgerðir eru afar kostnaðarsamar.

„Það er ljóst að bæturnar hafa ekki hækkað í samræmi við leigu. Nefndin hefur því lagt til hækkun á húsaleigubótum,“ segir Óskar Páll Óskarsson, sem á sæti í samráðsnefnd um húsaleigubætur. Nefndin skilaði nýlega inn skýrslu um stöðu húsaleigubóta. „Niðurstaða okkar var sú að hægt er að lækka greiðslubyrði bótapega um allt að þrettán prósent, en fjárhæðin yrði misjöfn eftir stöðu hvers og eins. Þótt hækkunin sé ef til vill ekki mikil á hvern einstakling þá eru þetta dýrar aðgerðir.“

Óskar Páll segir ljóst að þessar tillögur myndu ekki ná að jafna stöðuna og hækka húsaleigubætur í samræmi við leigumarkaðinn.

Samband íslenskra sveitarfélaga ályktaði gegn tillögum nefndarinnar. Sveitarfélögin bera um helmingskostnað af húsaleigubótum og ljóst er að hækkun húsaleigubóta rúmast ekki innan þess tekjuramma sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur



HÆRRI LEIGA Húsaleigubætur hafa ekki hækkað í samræmi við leigu. Samráðsnefnd um húsaleigubætur hefur lagt til hækkun á húsaleigubótunum en slíkar aðgerðir eru kostnaðarsamar.

til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna greiðslu bóta.

„Komi til hækkunar þarf að semja sérstaklega um greiðslu á milli ríkis og sveitarfélaga. Greiðslan hækkar ekki sjálfkrafa þótt húsaleigubætur einstaklinga hækki,“ segir Elín Pálsdóttir, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs.

Vaxtabætur hækkuðu síðast í mars á þessu ári. Í skýrslu félagsmálaráðuneytis kemur aftur á móti fram að þriðjungur fólks í eigin húsnæði segi vaxtabætur sínar hafa lækkað á síðastliðnum tveimur árum. Þegar leitað var eftir álitum fjármálaráðherra á hugmyndum félagsmálaráðherra um hækkun vaxtabóta sagðist hann ekki hafa kynnt sér skýrsluna og vildi ekki tjá sig um efni hennar.

eva@frettabladid.is

Mótvægisáðgerðir útfærðar:

Fé veitt til Jöfnunarsjóðs

ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar um hvernig skuli deila hluta þeirra 1,4 milljarða króna sem ríkisstjórnin samþykkti að veita til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hluta af mótvægisáðgerðum vegna niðurskurðar



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

aflaheimilda á þorski.

Alls munu 350 milljónir renna til þeirra sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði um meira en 1,5 prósent á árunum 2002 til 2006. Aðrar 350 milljónir renna til sveitarfélaga þar sem þróun útsvarstofs hefur verið undir meðaltali 2001 til 2006.

- bj

LÖGREGLUFRETTIR

Undir áhrifum fikniefna

Karlmaður um þritugt var handtekinn í Borgarnesi um klukkan tíu í gærmorgun grunaður um akstur undir áhrifum fikniefna. Var hann yfirheyður og síðan sleppt að lokinni rannsókn.

sögunni hvað konan ætlað að gera við peningana en það má gera ráð fyrir að hundurinn verði verðlaunaður á einhvern hátt. Er nema von að viðskiptavinir SPRON séu jafnánægðir og raun ber vitni?

Netið bjargaði okkur!

Það er orðið mun algengara að fólk sjái um bankaviðskipti sín á netinu. Þessi þjónusta eykur frelsi viðskiptavinarins og gerir honum kleift að ganga frá sínum málum hvar og hvenær sem er. Það var þakklátur viðskiptavinur SPRON sem hringdi í þjónustufulltrúa bankans og lýsti yfir ánægju sinni með þjónustuna. Málum var þannig háttáð að hann var staddur í Bandaríkjunum þegar hann fékk óvænt símtal frá konu sinni. Hún var á Heathrow-flugvelli á leið að hitta mann sinn og hafði lent í því að Visakortíð hennar virkaði ekki og hún var ekki með inneign á reikningi sínum. Maðurinn sagði að heima-bankinn væri alger himnasending. Þau áttu bókaða skemmtisiglingu um Karabíska hafið daginn eftir og hefði hann ekki notið þjónustu SPRON hefðu þau líklega ekki komist í þá ferð. Það tók hann aðeins tvær mínútur að bjarga málunum. Þessi ánægði viðskiptavinur lét það fylgja sögunni að hann væri þakklátur SPRON fyrir að hafa þessa þjónustu svona einfalda því að hann væri ekki mikill tölvumaður. Einnig hrósaði hann bankanum fyrir að hafa þennan reikning líka án krafna um að nýta sér aðra þjónustu bankans.

Þvílík heppni!

Kona í Sandgerði, sem óskar nafnleyndar, varð fyrir því óláni nýlega að týna hundinum sínum á

ferðalagi um Norðurland. Hún lýsti eftir hundinum í Degi og fékk svar um hæl. Kona á bóndabæ í nágrenni við Grenivík lét vita af hundi sem hafði verið að sniglast í kringum heimili hennar og lýsingin í blaðinu gat átt við.

Konan fékk hundinn sinn og ákvað í framhaldinu að koma við í verslun-

inni Jónsabúð á Grenivík og fá sér bita. Hún keypti auk þess skafmiða og borgaði með SPRON-kortinu sínu. Það má með sanni segja að hún hafi verið hundheppin því að skafmiðanum var vinningur upp á eina milljón. Ekki fylgir

YFIRDRÁTTARVEXTIR
FRÁ 17,10%

INNLÁNSVEXTIR
ALLT AÐ 13,85%

SILFURnet

GULLnet

PLATINUMnet

Sígaunakona í Tékklandi:
Bætur fyrir að
vera gerð ófrjó

TÉKKLAND, AP Sjúkrahús í Tékklandi hefur verið dæmt til að greiða 31 árs gamalli konu rúmlega 1,5 milljón íslenskra króna í skaðabætur fyrir að hafa þvingað hana í ófrjósemisaðgerð.

Konan er af ættflokki róma, eða sígauni, og var gerð ófrjó eftir að hún fæddi annað barn sitt. Talið er að þúsundir sígaunakvenna hafi verið gerðar ófrjóar með aðgerð gegn vilja þeirra. Þetta er í fyrsta sinn sem nokkur þeirra fær bætur fyrir. - gb

Fulltrúar VG og Frjálslyndra:
Segja byggt of
nærri Úlfarsá

SKIPULAGSMÁL Áheyrnarfulltrúi Frjálslyndra og fulltrúi VG í skipulagsráði Reykjavíkur segja það valda vonbrigðum að frá fyrirhuguðu íþróttasvæði eigi aðeins að vera tuttugu metrar að árbakka samkvæmt nýju skipulagi fyrir Úlfarsárdal. Vernda beri einstakt lífríki Úlfarsár sem sé þekkt laxveiðiá og mikilvæg fuglalífi á vetrum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar segja skipulagið „í fullu samræmi við metnaðarfull umhverfismarkmið aðalskipulags Reykjavíkur“. - gar

Íslenska föruneystið stóð sig vel í Sjanghæ

Íslensku keppendurnir á Special Olympics sem fram fóru í Sjanghæ í byrjun mánaðarins eru komnir heim. Margir keppendur unnu til verðlauna í sínum flokkum. Forsetahjónin fylgdust með keppninni og heiðruðu keppendur.

ÍÞRÓTTIR Íslensku keppendurnir á Special Olympics í Sjanghæ komu heim aðfaranótt sunnudags, margir þeirra hlaðnir verðlaunum. Special Olympics eru íþróttakeppni þroskaheftra og tóku að þessu sinni keppendur frá 165 löndum þátt.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff fylgdust með opunarhátíðinni og keppni íslensku þátttakendanna. 4. október var haldið sérstök fjölskylduhátíð og voru forsetinn og Dorrit þar heiðursgestir.

Að sögn Önnu Karólínu Vilhjálmsdóttur, framkvæmdastjóra Special Olympics á Íslandi, voru leikarnir gríðarlega vel skipulagðir. „Keppendurnir voru algjörlega settir í forgang, aðstaðan var góð og gistingin til sóma,“ segir Anna.

Íslensku keppendurnir komu til Kína 28. september og gistu fyrst um sinn hjá kínverskum fjölskyldum. 2. október hófust svo leikarnir og stóðu þeir þar til á fimmtudag. Glitnir, Actavis og Exista styrktu ferð íslenska hópsins.

steindor@frettabladid.is



FIMUR Í SJANGHÆ Helgi Magnússon þótti standa sig vel í fimleikunum.

MYND/ANNA KARÓLÍNA VILHJÁLMSDÓTTIR

MEÐ FORSETAHJÓNUNUM Rut Ottósdóttir fagnaði góðri frammistöðu ásamt Dorrit og Ólafi.

MYND/ANNA KARÓLÍNA VILHJÁLMSDÓTTIR



ÁNANAUST Landfylling í Ánanaustum er þynnir í augum íbúa í nærliggjandi húsum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ósáttir íbúar á Vesturgötu:
Kæra fyllingu í
Ánanaustum

SKIPULAGSMÁL Íbúar fjölþýlishússins Vesturgötu 69-75 hafa kært gerð landfyllingar í Ánanaustum til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og krafist þess að gerð fyllingarinnar verði stöðvuð og framkvæmdaleyfið afturkallað. Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu óttast íbúarnir að efni úr landfyllingunni muni fjúka yfir hús þeirra með tilheyrandi óþægindum, ekki síst fyrir þá sem þjást af ofnæmis- og öndunarsjúkdómum. Skipulagsráð Reykjavíkur hefur falið lögfræðingi á framkvæmdasviði að taka saman sjónarmið borgarinnar í málinu til að senda úrskurðarnefndinni. - gar

Hamingjusamir Íslendingar

Samkvæmt rannsókn, sem gerð var af samtökum sem kallast New Economics Foundation and Friends of the Earth, eru Íslendingar hamingjusamastir Evrópubúa. Norðurlandabúar komu hlutfallslega best út úr

rannsókninni og var Svíþjóð í öðru sæti og Noregur í því þriðja. Danmörk var einnig ofarlega á listanum, í sjötta sæti. Könnunin náði til 30 landa innan Evrópu og var meðal annars mæld lífsgleði Evrópubúa. Það er spurning hvort veður hafi haft áhrif á lífsgleði Íslendinga en einmuna blíða ríkti hér á landi þann tíma sem könnunin var gerð á meðan

rigndi eins og hellt væri úr fötu á frændur okkar. Einnig hefur verið bent á þá staðreynd að sífellt fleiri Íslendingar ganga til viðskipta við SPRON og eins og alþjóð veit er ánægjan hvergi meiri en meðal þeirra.

NJÓTTU netsins!

SPRONnet

Nýr hagstæður debetreikningur á netinu

ÁRGJÖLD = 0 KR.

Nýttu þér netið

Kynntu þér málið á spron.is

75 ára

 **spron**

Paratabs®
– Öflugur verkjabaní!

Notkunarsvið: Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum infúensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnum eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lífrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarks-skammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lífraskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lífrarsjúkdóm er að ræða. **Meðgangi og brjóstgjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjól en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolast almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lífraskemmdir. Lífraskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.

LYFJA
- LISIÐ HEL

actavis
hagur í heilsu

Þingmaður gagnrýnir sölu á landi og fasteignum á fyrrum varnarsvæði í Hvalfirði:

Ríkið og kaupandi hlunnfarin

ALÞINGI Bætt var inn heimild til að selja land og fasteignir fyrrum varnarsvæðis í Hvalfirði í fjárukaalögum sem rædd voru á Alþingi í vikunni. Þótt heimildin hafi ekki verið samþykkt hefur útbót farið fram. Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýnir verklagið við sölu harkalega og segir að biða ætti með sölu.

Skeljungur átti hæsta boðið í Ollústöðina í Hvalfirði, 473 milljónir króna, en tilboð voru opnuð í vikunni.

„Ég tel að þarna sé bæði verið að hlunnfara hugsanlega kaupendur, en einnig hugsanlega ríkið sem eig-



ÆFINGAR Sérsvett ríkislögreglustjóra hefur notað fyrrum varnarsvæði í Hvalfirði fyrir æfingar eftir brotthvarf varnarliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

anda svæðisins,“ segir Árni. Hann bendir á að fasteignir á svæðinu séu ekki skráðar í landskrá fasteigna, og að auki sé ekki til samþykkt aðalskipulag fyrir svæðið.

Vegna þessa geti ríkið ekki metið réttilega verð svæðisins og fasteignanna. Auk þess viti mögulegur kaupandi ekki hver hans staða er þar sem ekkert skipulag er til fyrir svæðið.

Árni segist hafa rökstuddan grun um það að olútankar á svæðinu uppfylli ekki íslenskar reglur um frágang og öryggisbúnað. Hann beindi fyrirspurn í tíu liðum til fjármálaráðherra á Alþingi nýverið, en fyrirspurninni hefur ekki verið svarað. Þar spyr Árni meðal annars um ósamræmi í auglýsingu, þar sem talað er um 18,6 hektara landareign, og í sölugögnum, þar sem talað er um 47,3 hektara. -bj

Haturspóstar fóru trúðavíllt:

Trúður hættir eftir haturspóst

BANDARÍKIN Trúður, sem kallar sig Klutzo, er hættur starfsemi eftir að annar trúður, sem einnig kallar sig Klutzo, var handtekinn fyrir vörslu barnakláms.

Hinn saklausi Klutzo lagði búninginn á hilluna í kjölfar fjölda haturstölvupósta frá fólki sem hélt að hann væri trúðurinn sem tók myndir af nöktum munaðarlausum börnum. „Ég er mjög leiður yfir þessu, Klutzo hefur verið hluti af lífi mínu í 24 ár,“ sagði hann.

„Tími minn sem Klutzo er liðinn,“ bætti hann við.

- sgi



VIÐ MÚRINN Palestínscar stúlkur ganga meðfram aðskilnaðarmúrnum í bænum Aram skammt frá Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málþing Kennaraháskóla Íslands 18. og 19. október

Maður brýnir mann

Samskipti - Umhyggja - Samábyrgð

Dagskrá

Fimmtudaginn 18. október

14:00 - 14:35 Setning. Ávörp flytja: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra Ólafur Proppé, rektor KHÍ. Vilborg Dagbjartsdóttir, skáld og grunnskólakennari, Svanhildur Kaaber, skrifstofustjóri

14:40 - 15:30 Aðalfyrirlesari: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: **UMHYGGJAN Á HEIMA Í ÖLLUM SKÓLUM:** Hlutverk, viðfangsefni og sjálfsmynd kennara á 21. öld

15:45 - 17:05 Málstofur um rannsóknir, nýbreytni og þróunarstarf

Föstudaginn 19. október

14:00 - 15:00 Málstofur

- I Samtal við náttúruna
Ólafur Páll Jónsson, lektor við KHÍ
Ósk Vilhjálmisdóttir, myndlistarmaður
- II Umhyggja fyrir námi
Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla
Helga Valtýsdóttir, námsráðgjafi við Viðistaðaskóla
- III Umhyggja á mótum skólastiga
Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við KHÍ
Lilja Ólafsdóttir, aðstoðarskólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar

15:10 - 17:10 Málstofur um rannsóknir nýbreytni- og þróunarstarf

17:10 Léttar veitingar í boði menntamálaráðuneytis

Nokkur erindi af rúmlega 80 sem flutt verða í málstofum:

Bókaormar og möppudýr

Kennsla á að virkja sköpunarkraft nemenda og fá þau til að hugsa...

Af hverju fæ ég bara eitt blað til að teikna húsið mitt?

Verðum læs - líka á unglingastigi

Fjölbreyttir kennsluhættir - einstaklingsmiðað nám

Það skal vel vanda sem lengi á að standa

„Saman í sátt“ Leiðir til að fást við samskiptavanda og einelti í skólum

Hvernig mætir skólinn þörfum fatlaðra nemenda?

Svartí saðurinn og lömbin - Hvar liggja takmörk umhyggjunnar?

Nemandinn í forgrunni: Sagt frá skólaþróunarverkefnum í þrettán skólum

Frá langspili til símfóníu

Leikskólinn á að líkjast heimili.

Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis. Gestir eru beðnir að skrá sig á slóðinni www.khi.is/malthing2007

Par er einnig að finna dagskrá og ágríp erinda

Rice segir ekki von á árangri

Condoleezza Rice er í Mið-Austurlöndum til að undirbúa friðarráðstefnu. Hún varar Ísraela við því að gera nokkuð sem grafi undan friðarmöguleikum.

JERÚSALEM, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segist ekki búast við miklum árangri af ferð sinni til Mið-Austurlanda. Hún kom til Ísraels í gær og byrjaði á því að vara ísraelska ráðamenn við því að gera neitt sem gæti grafið undan trú manna á friðarferlinu, sem reyna á að koma af stað á ný. Sjaldgæft er að bandarískir ráðamenn gefi Ísraelum varnaðarorð af þessu tagi.

Rice átti í Jerúsalem tveggja tíma fund með Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, og Ehud Barak varnarmálaráðherra. Að því búnu snæddi hún kvöldverð með Salam Fayyed, forsætisráðherra Palestínnumanna.

Rice ætlar að dveljast á þessum slóðum í fjóra daga og ræða til skiptis við ísraelska og palestínska ráðamenn. Tilgangur heim-sóknarinnar er að brúa bilið milli sjónarmiða þeirra. Markmiðið er að ná fram samkomulagi svo Pal-

estínnumenn og Ísraelar geti sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu áður en friðarráðstefna, sem Bandaríkjamenn hafa boðað til, hefst í næsta mánuði.

„Ég tel mikilvægt að þeir ræði mikilvægustu deilumálin með einhverjum hætti,“ sagði Rice við blaðamenn. „Ég tel líka mikilvægt að skjalið verði nógu efnismikið til þess að vísa veginn í áttina að stofnun Palestínuríkis.“

Ísraelskir og palestínkir ráðamenn skiptust í gær á að gagnrýna hvorir aðra.

Ísraelar vilja að yfirlýsingin verði með nægilega óljósu orðalagi til að gefa þeim meira svigrúm til athafna. Palestínnumenn vilja hins vegar nákvæmlega útfært samkomulag með tíma-settri áætlanum stofnun Palestínuríkis, auk ákvæða um landamæri ríkjanna, stöðu Jerúsalem borgar og lausn á vandamáli palestínskra flóttamanna.

gudsteinn@frettabladid.is

HSS fær sneiðmyndataeki:

Straumhvörf í þjónustunni

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fékk þrjátíu milljóna króna sjóð í gjöf frá Kaupfélagi Suðurnesja á föstudag. Sjóðurinn er ætlaður til kaupa á tölvusneiðmyndataeki, sem er afar mikilvægt starfi heilbrigðisstofnunarinnar. Lengi hafði staðið til að safna fjárfraðslögum fyrir kaupnum. Í fréttatilkynningu kemur fram að tækið muni valda straumhvörfum í þjónustu stofnunarinnar. Með tilkomu tækisins þurfa færri sjúklingar að leita á höfuðborgarsvæðið eftir þjónustu og hægt verður að greina sjúklinga fyrr.

- þeb

Stafrænu hraðamyndavélarnar skiluðu fimmtungi hraðakstursbrota:

Flestar sektirnar 30 þúsund

LÖGREGLAN Stafrænu hraðamyndavélarnar í Hvalfjarðarsveit hafa myndað 3.152 hraðabrot á þremur mánuðum í sumar, eða rúmlega eitt þúsund brot á mánuði. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa verið gefin út rúmlega fimmtán þúsund sektarboð vegna hraðakstursbrota á landinu öllu. Hraðakstursbrot frá hraðamyndavélum eru rúmlega þrjú þúsund af þessum brotum, eða fimmtungur.

Flest eru hraðakstursbrot sem upplýst eru með myndavélum fyrir akstur á 101-110 kílómetra hraða, eða ríflega 400. Fyrir það brot fá öikumennirnir 30 þúsund króna



YFIR 100 KÍLÓMETRA HRAÐI Flest brot sem upplýst eru með hraðamyndavélum eru fyrir akstur á rúmlega 100 kílómetra hraða. Aðeins um tuttugu prósent hraðakstursbrotnanna eru upplýst með myndavélum.

sekt. Næstflest eru brotin fyrir akstur á 96-100 kílómetra hraða og greiða öikumenn 10 þúsund krónur í

sekt fyrir það. Þeir sem eru teknir á 111-120 kílómetra hraða fá 50 þúsund króna sekt og einn punkt í ökuferilsskrá.

Þegar hraðakstursbrot á öllu landinu fyrstu níu mánuði ársins eru skoðuð kemur í ljós að flest eru þau framin á hraðanum 101-110 kílómetra á klukkustund, næstflest á 111-120 kílómetra hraða og tæplega fimmtán hundruð brot eru á 121-130 kílómetra hraða.

Jónas Ingi Pétursson, framkvæmdastjóri rekstrar hjá Ríkislögreglustjóra, segir að þeir sem greiði sektir innan þrjátíu daga fái 25 prósent afslátt.

- ghs

Mannaskipti í Skaftafelli:

Nýr þjóðgarðsvörður ráðinn

UMHVERFISMÁL Nýr þjóðgarðsvörður hefur verið ráðinn í Skaftafelli. Tólf sóttu um starfið.

Regína Hreinsdóttir landfræðingur tekur við af Ragnari Frank Kristjánssyni, sem gegnt hefur starfinu frá árinu 1999.

Regína hefur lokið meistaraþrófi í landfræði og námi í kennslufræði til kennsluréttinda við Háskóla Íslands. Hún hefur starfað hjá Náttúrufræðistofnun, meðal annars sem yfirlandsvörður í Herðubreiðarlindum og Öskju.

Á næsta ári mun þjóðgarðurinn Skaftafell verða hluti af Vatnajökulspjóðgarði.

- sdg

Dæmd fyrir að dreifa lögum:

Hyggst áfrýja Kazaa-dómi

BANDARÍKIN Jammie Thomas, konan sem var nýlega dæmd til að greiða rúmar þrettán milljónir króna í bætur vegna höfundaréttarbrot, hyggst áfrýja. Á MySpace-síðu sinni segist hún niðurbrotin vegna dómsins, en heldur enn fram sakleysi sínu.

Thomas var sakfelld í Minnesota-ríki í Bandaríkjunum fyrir að hafa dreift 24 lögum á ólöglegan hátt í gegnum internetið með hjálp skráaskiptaforritsins Kazaa. Af mörg þúsund manns sem höfundaréttarsamtök í Bandaríkjunum hafa hótað lögsókn fyrir svipuð brot undanfarin ár er hún sú eina sem hefur látið reyna á málið fyrir dómi.

- sps



SAMSTADA Frank-Walter Steinmeier utanríkisráðherra, Franz Josef Jung varnarmálaráðherra og Angela Merkel kanslari ræðast við í þinginu í Berlín.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þýska sambandsþingið:

Þátttaka í ISAF framlengd

ÞÝSKALAND, AP Þýska sambandsþingið samþykkti með yfirgnæfandi meirihluta á föstudag að framlengja um eitt ár til viðbótar þátttöku 3.000 þýskra hermanna og sex eftirlitsherþotna í starfi fjölþjóðlegru öryggissveitanna ISAF í Afganistan.

Aðeins þingmenn lengst á vinstri jaðrinum greiddu atkvæði á móti, en Angela Merkel kanslari og aðrir talsmenn ríkisstjórnar kristilegra og jafnaðarmanna höfðu lagt mikla áherslu á að halda herliðinu í Afganistan. Yrði það kallað heim væri uppbyggingarstarfi síðustu ára stefnt í hættu. Almenningsálitið í Þýskalandi hefur verið að snúast gegn áframhaldandi þátttöku.

- aa

Ný bresk doktorsritgerð:

Menn giftast vélmennum

BRETLAND Breskur vísindamaður hefur hlotið doktorsnafnbót fyrir ritgerð sína þar sem hann staðhæfir að í framtíðinni muni menn og vélmenni ganga í hjónaband.

„Nýir straumar í vélmennafræðum og önnur viðhorf í garð hjónabands munu gera það líklegt að fáguð vélmenni verði fyrr eða síðar talin fýsilegir lífsförunautar,“ segir dr. David Levy, sem skrifaði ritgerðina.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar er rakið að viðhorf manna í garð alúðar, ástar og kynlífs muni valda samböndum manna og vélmenna í framtíðinni.

- sgj



Íslenskur raforkumarkaður

Einkavæðing - skipulagsbreytingar - samkeppni

Opinn morgunfundur Samtaka iðnaðarins þriðjudaginn 16. október á Grand Hótel

Samtök iðnaðarins efna til morgunfundar um íslenskan raforkumarkað á Grand Hótel þriðjudaginn 16. október næstkomandi. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:15 og stendur til 10:30.

Ræðumenn:

Katrín Júlíusdóttir
formaður iðnaðarnefndar Alþingis



Árni Sigfússon
bæjarstjóri Reykjanesbæ



Bryndís Skúladóttir
verkfræðingur hjá SI



Friðrik Sophusson
forstjóri Landsvirkjunar



Tómas Már Sigurðsson
forstjóri Fjarðaáls og stjórnarmaður í SI



Fundarstjóri:
Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Fundurinn er öllum opinn
Félagsmenn SI eru eindregið hvattir til að sækja fundinn

SI

Samtök iðnaðarins

NÓATÚN



998 kr. kg
 ÝSA M/FRÖNSKU
 SINNEPI OG GRASLAUK
 Verð áður 1.298...



1.298 kr. kg
 LAXASTEIK MEÐ LIME
 OG KÓRIANDER
 Verð áður 1.698...



Úr Fiskborði Nóatuns

998 kr. kg
 KEILA MEÐ FENNEL
 OG JALAPENOOSTI
 Verð áður 1.398...



1.998 kr. kg
 SKELFISKPANNA
 Verð áður 2.398...

Fiskidagar í Nóatúni alla vikuna - fjölmargir nýir réttir



1.298 kr. kg
 SALTÍSKUR
 AÐ HÆTTI GRIKKJA
 Verð áður 1.698...



1.298 kr. kg
 LAXASTEIK MEÐ
 PAPRIKU OG LAUK
 Verð áður 1.698...



1.998 kr. kg
 SKÖTUSELSKINNAR
 M/REYKTUM OSTI
 Verð áður 2.498...

PERLUR HÆFSINS

Úr
Fiskborði
Nóatúns

798 kr. kg
ÝSUFLÖK MEÐ ROÐI



998 kr. kg
STEINBÍTUR MEÐ
KARRY OG BANÖNUM
Verð áður 1.398..



998 kr. kg
STEINBÍTUR Í
MANGÓ OG KARRY
Verð áður 1.398..

Góð tilboð alla daga í fiskborði Nóatúns



998 kr. kg
ÝSA Í ASPAS
HOLLANDAISE SÓSU
Verð áður 1.398..



998 kr. kg
SALTFISKUR MEÐ
TÓMÖTUM OG GRÆNMETI
Verð áður 1.298..



1.798 kr. kg
LÚÐA Í FRANSKRI
ASPASSÓSU
Verð áður 2.398..

NÓATÚN Verði ykkur að góðu!

Verkefni Atlantshafsbandalagsins í Afganistan:

Fellur NATO á prófinu?

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Atlantshafsbandalagið, langöflugasta hernaðar- og öryggisbandalag heims, glímir þessa dagana við próf-raun sem æ fleira bendir til að það eigi í miklum erfið-leikum með að standast. Það er verkefni þess í Afgan-istan.

Sex ár eru nú síðan innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra í Afganistan hófst, en til hennar var eftir í kjölfar hryðju-verkaárásanna á Bandaríkin 11. september 2001. Á tveimur mánuðum tókst innrásarliðinu í félagi við afganska Norður-bandalagið að hrekja talibana frá völdum eftir sjö ára trúarofstækis-harðstjórnartíð þeirra í þessu borgarastríðsrústaða landi. Talibana hörfuðu ásamt hinum erlendu al-Kaída-liðum, sem starfað höfðu í skjóli þeirra, upp í fjöllin við landamærin að Pakistan, þaðan sem þeir stunda skæruhernað enn þann dag í dag.

Á tiltölulega skömmum tíma var í skjóli hins erlenda herliðs komið á fót stofnunum til að byggja upp nýtt afganskt ríki eftir meira en aldarfjórðungs upplausn. En þótt markvisst hafi verið unnið að því í meira en fimm ár að efla þessar stofnanir, ekki sízt lögregluna og herinn, standa þær enn á slíkum brauðfótum að þær mættu sín lítills gegn innri fjendum ef þær misstu skjólið sem hið erlenda herlið veitir þeim.

„Við megum ekki láta Afganistan aftur verða hryðjuverka-mönnum skjól,“ sagði Anders Fogh Rasmussen fyrir viku, er hann tók undir með áskorun Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO, um að bandalagsríkin legðu meiri liðsafla og búnað af mörkum til Afganistan-verkefnisins. De Hoop Scheffer hefur áður lýst því sem prófraun á hæfni NATO til að standast þær kröfur sem 21. öldin gerir til bandalagsins.

En hverjar eru þær kröfur? Því er enn að miklu leyti ósvarað. Segja má að NATO hafi „lent í“ að taka að sér að aðstoða afgönsku þjóðina við að komast aftur á braut friðar, einingar og velsældar, þar sem engin stofnun Sameinuðu þjóðanna er fær um það. En er hið vestræna hernaðarbandalag yfirleitt rétta stofnunin til þess? Ef NATO á að sýna að svo sé þarf það að minnsta kosti að koma sér upp skýrari sýn á það hverju það vill fá áorkað í þessu umfangs-mesta verkefni „utan svæðis“ sem það hefur tekið að sér.

Hluti vandans er sá að verkefni NATO-hermannanna er tvíþætt: annars vegar að styðja við endurreisn afganska ríkisins og hins vegar að stunda hernað gegn skæruliðum talibana. Fyrri hlutverkið annast fjölþjóðaliðið ISAF, sem NATO fer fyrir. Það sinnir seinna hlutverkinu einnig að hluta. Að stærstum hluta sér bandarískt herlið þó um það í nafni „Operation Enduring Freedom“, sem er liður í hinu hnattræna stríði Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum.

Þar sem skæruliðar felast gjarnan innan um óbreytta borgara og í nafni „OEF“ er gjarnan beitt loftárásum til að vege upp hve liðsfátt herliðið á vettvangi er, falla óbreyttir borgarar í þessum átökum. Hvert slíkt tilvik grefur undan öllu starfi fjölþjóðaherliðsins í landinu, og Kabúl-stjórninni einnig. Hvert slíkt tilvik auð-veldar skæruliðum að afla sér nýrra liðsmanna og aftra íbúum á átakasvæðunum frá því að sýna Kabúl-stjórninni hollustu.

Fyrsta skrefið í að bæta horfur á árangri væri því að samræma þetta tvíþætta hlutverk betur höfuðmarkmiðinu um að gera afgönskt stjórnvöld sjálf fær um að halda uppi lögum og reglu í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnald Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). **FULLTRÚI** **RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN: 1670-3871

BORGARFERÐ



Aðventuferð til Barcelona

7.-10. desember

Íslensk fararstjórn

Veró á mann í tvíþýli

66.900 kr.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

Express Ferðir, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Fréttablaðið er eiga Ísland Express

FRÁ DEGI TIL DAGS

Félagar nú, fjendur fyrr

Dagur B. Eggertsson, verðandi borgarstjóri, og Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, eru nú í sama liði. Skemmst er þess þó að minnast þegar þeir félagar tókust á í Kastljósinu um ráðningar Óskars Bergssonar og Rúnars Hreinssonar framsóknarmanna til verkefna hjá borginni. Sakaði þá Björn Ingi Dag um pólitískar ráðningar í valdatíð R-listans og að hafa komið sér í kennarastöðu hjá Háskólanum í Reykjavík með því að úthluta skólanum nýrri lóð. Í kjölfarið kallaði Björn umræðuna „framhald af dylgjupólitík sem Dagur hefur í auknum mæli verið að tileinka sér í borgarstjórn“.

Stórir business-karlar

Í grein í Fréttablaðinu fimm dögum

fyrir myndun nýs meirihluta var Dagur harðorður í garð Björns Inga. „Fulltrúar meirihlutans, Björn Ingi Hrafnsson og Haukur Leósson, hafa augljóslega viljað leika stóra business-karla í stjórn Reykjavík Energy Invest. Þar úthlutuðu þeir sér sæti án þess að veita fulltrúum minnihlutans tækifæri til að hafa eftirlit með störfum sínum. Það nýttu þeir sér til að þrefalda eiginstjórn-laun og gera fordæma-lausa kaupréttar-samninga

sem m.a. ná til kosningastjóra Framsóknarflokksins sem ráðinn var til fyrirtækisins fyrir tveimur vikum,“ skrifar Dagur.

Vinnubrögð

Í sömu grein skrifar Dagur eftirfarandi: „Æ fleiri spyrja sig að því hvort borgarstjóra og Framsóknarflokknum sé fyrrmunað að ráða mikilvægum úrlausnarefnum til lykta í samræmi við nútímalega stjórnunarhætti og hagsmuni almennings.“ Fimm dögum seinna sagði hann að nýr meirihluti væri myndaður um fumulaus vinnubrögð, fagleg vinnubrögð og lýðræðisleg vinnubrögð. Birni Inga er slíkt ekki fyrrmunað lengur.

steindor@frettabladid.is



Tafl þeirra hluta

Eftir atburði síðustu viku blasir þetta við: Séu peningar afl þeirra hluta sem gera skal þá eru stjórn málin tafl þeirra hluta. Þetta verður að haldast í hendur, eins og Sveinn frá Elivogum benti á í sinni frægu og dýru vísu þar sem seinni parturinn fæst með því að taka fyrsta stafinn úr öllum orðunum í fyrripartinum: Sléttum hróður, teflum taflíð/ teygjum þráðinn snúna. /Léttum róður, eflum aflið / eygjum ráðin núna.

Í hverju peði leynist drottingardraumur og í því ljósi má ef til vill sjá ólma og blinda framrás þeirra sex einstaklinga sem mynda – „með eða án Villa“ – borgarstjórnarflokk sjálfstæðismanna og þrömuðu staðföst beina leið út af skákborðinu. Og kóngurinn óvarinn, bara upp á punt og úti á þekju; sá ekkert og vissi ekkert og heyrði ekkert og skildi ekkert: Ha? Fengu þeir kauprétt? Nei ekki sýna mér blaðið ... Ha? Tuttugu ár? Nei ekki segja mér frá því ... Ha? Framsókn?

Í framrás peðanna var eittvert sambland af algjöru andvaraleysi og hofmóði, trúmennsku við Svörtuloft Flokksins og þvilkum skorti á stjórnkænsku að það er næstum því sætt.

Og hættulegri þvermóðsku: hefði prinsippunum um að félag í almannaeigu skuli ekki vasast á markaði verið fylgt og hlutur Orkuveitunnar í REI verið seldur hið snarasta – til dæmis Árna Magnússyni, fyrrum Framsóknar-ráðherra, sem stendur á bak við Glitnis-félagið sem kennir sig við græna orku Geysis – tja þá hefði leiðin verið greið að láta greipar sópa um verðmæti Orkuveitunnar – sem er ekki síst einokunarstaða hennar á markaði, eftirlæti íslenskra kapitalista.

Sjálfstæðismenn aðhyllast einkarekstur en treysta engum til að stunda hann – nema kannski



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Ný borgarstjórn

Fríðriki Sophussyni. Sjálfstæðismenn aðhyllast kapitalisma en þola ekki kapitalista. Þó að þetta viðhorf til auðmanna eigi rætur að rekja til þess að Flokkurinn missti tök sín á viðskiptalífínu í kjölfar þess viðskiptafrelsis sem innleitt var hér með aðildinni að EES þá er þessi andúð á auðmönnum býsna útbreidd meðal þjóðarinnar og ekki alltaf að ósekju.

Auðmenn

Því auðmenn pirra: þeir nota stundum peningana sem þeir hafa milli handanna – og eru afl þeirra hluta sem skal gera – til að pirra okkur. Þetta eru okrarar sem kaupa lítillfjörleg fótboltið í útlöndum fyrir gróðann af því að selja okkur grænmeti eða lyf; braskarar sem græða á því að selja og kaupa og selja dönsk héraðsflugfélög; uppskafningar sem komust í bankakaupin af því þeir voru í Framsókn – kunnu taflíð til að komast í aflið; landeyður sem urðu ríkar af því að selja raunverulegum sjó-sóknurum kvóta, það er að segja réttinn á því að sækja sjó sem þeir fengu ókeypis. Þetta eru menn sem gætu breytt íslensku samfélagi til hins verra ef þeir fara sínu fram – samfélagi jafnaðar og kunningssskapar þar sem í einni fjölskyldu geta verið sjómenn, kennarar, bóhemar, jarðfræðingar, smiðir – og jafnvel auðmenn, og er dýnamíkin í okkar samfélagi.

Eygjum ráðin núna

En við sitjum uppi með þá. Og við þurfum að læra á þá – nota löngun þeirra til að skapa eitthvað með auði sínum og þrá þeirra eftir að fá að tilheyra á ný samfélagi okkar. Helsta hlutverk stjórn-málamannanna á okkar dögum er að læra á þessa auðmenn, læra að nota þá – læra að vinna með þeim að því að beina afli peninganna í farsælan farveg; tefla taflíð til að efla aflið. Við viljum ekki stjórn-málamenn sem haldnir eru Baugsfóbiunni og eru enn að reyna að rétta hlut Davíðs Oddssonar í einhverjum væring-um á tíunda áratug síðustu aldar en við viljum heldur ekki stjórn-málamenn sem standa ekki hnarreistir andspænis þeim. Við viljum ekki stjórn-málamenn sem betla far með þeim í þotunum þeirra, láta bjóða sér endaleysu á borð við kaupréttarsamninga í fyrirtæki í almannaeigu – láta bjóða sér eitthvert bull á ensku í stað raunverulegrar samninga-gerðar.

Dagur Eggertsson og Svandís Svavarsdóttir eru stjórn-mála-menn sem við þurfum á að halda núna – lækni og málvísinda-maður, greinendur kvilla og merkingar – ærlegt fólk og vel menntað, laust við vanmetakend eða oflæti – og ef þau misstiga sig þá er Birni að mæta. Margrét Sværissdóttir er geðfelldur stjórn-málamaður sem á örugglega eftir að fara vel með völd en Björn Ingi Hrafnsson fær hér tækifæri til að sýna fram á samfélagslegan þroska sinn. Hans biður nú það verkefni að setja Framsóknarflokkinn í hunda-hreinsun – losa flokkinn við SÍS-arminn, samband íslenskra sérgæskumanna. Það er lífs-spursmál. Þá getur komið sér vel að Björn Ingi kann augljóslega að tefla taflíð.

Hver er grundvallarstefnan?

UMRÆÐAN

Orkumál

Athyglisverðir atburðir hafa átt sér stað í Reykjavíkurborg á síðustu dögum. Meiri-hlutasamstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er lokið. Upphaf þess að upp úr slitnaði tengist útrás Orkuveitu Reykjavíkur. Sannkallaður grátkór stillti sér upp í garðinum hjá gamla góða Villa þegar þetta lá fyrir og Birni Inga Hrafnssyni voru ekki vandaðar kveðjurnar.

Fráfarandi borgarstjóri reynir að telja fólki trú um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi grundvallarstefnu í málefnum Orkuveitunnar og að opinber fyrirtæki eins og OR eigi ekki að stunda áhættusaman samkeppnis-rekstur. „Við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfum einungis fylgt okkar sannfæringu í þessu máli,“ segir Vilhjálmur. Margir velta nú fyrir sér hvenær þessi sannfæring varð til.

Hún var ekki orðin til árið 2001 þegar allir flokkar í borgarstjórn Reykjavíkur tóku ákvörðun um að OR mætti stunda áhætturekstur. Það gerðist samhliða setningu laga á Alþingi. Lögin voru samþykkt með samstöðu allra flokka. Með lögunum var Orkuveitunni heimilað að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum



VALGERÐUR SVÆRISDÓTTIR

félögum. Félagið færðist undan almennum reglum stjórnslurættarins en féll þess í stað undir leikreglur einkamarkaðarins.

Hún var ekki orðin til í mars sl. þegar stjórn OR samþykkti, að tillögu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þáverandi stjórnar-formanns fyrirtækisins og núverandi heilbrigðisráðherra, að stofna hlutafélag um útrásarstarfsemi fyrirtækisins. Guðlaugur sagði við það tækifæri að rétt þætti, þar sem útrásin yrði sífellt umfangsmeiri, að hafa hana í sérstöku hlutafélagi.

Hún var ekki orðin til í febrúar sl. þegar undir-ritaður var samningur milli Landsvirkjunar og Landsbankans um stofnun nýs alþjóðlegs fjár-festingarfélags sem ætlað er að fjárfesta í verkefnum erlendis sem tengjast endurnýjanlegri orkunvinnslu. Hún var ekki orðin til í júní sl. þegar RARIK gerði samkomulag við Landsbanka Íslands um að ráðast í gerð allt að 45 vatnsaflsvirkjana í Noregi.

Það er því algjör grundvallarspurning hvenær þessi grundvallarstefna varð til hjá Sjálfstæðisflokknum. Hún hefur velt þungu hlasi, sem er meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur.

Er ekki rétt að upplýsa þjóðina um þetta?

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.

Haustlaukarnir eru komnir í Blómaval og nú er einmitt rétti tíminn til að setja þá niður. Þá er hægt að hafa það huggulegt í vetur og láta sig hlakka til vorsins þegar þeir koma upp og boða komu sumars.



Vefsíðan designboom.com er skemmtileg vefsíða sem þeir sem hafa áhuga á hönnun ættu að hafa bæði gagn og gaman af að skoða.



Útilugtir gefa frá sér virkilega fallega birtu þegar setið er á veröndinni á mildum haustkvöldum. Í verslunum Byggt og búið fást útilugtir frá Sirius sem geta lífgað upp á hvaða garð sem er.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Húsgagna-Lagersala

Leðursófasett

hornsófasett

sófasett með innbyggðum skemli

borðstofuborð og stólar

skenkar

sófaborð

eldhúsborð

rúm í ýmsum stærðum og gerðum

Verðdæmi:

Leðursófasett áður kr. 239,000
nú **79,000**

Borðstofustóll áður 17,000
nú **5,000**

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar



Sverrir lætur fara vel um sig í stofunni í uppáhaldsstólum með uppáhaldshlutinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

Ró og næði í rauðum stól

Sverrir Jónsson, hagfræðingur í fjármálaráðuneytinu, á notalegt heimili í hjarta Vesturbæjarins rétt hjá KR-vellinum. Þar hefur hann komið sér vel fyrir og nýtur þess að slappa af í uppáhaldshorninu sínu að loknum vinnudegi.

„Uppáhaldshluturinn þessa dagana er mjúki rauði hægindastóllinn sem ég keypti fyrir stuttu. Mig hafði lengi langað í þægilegan stól en ekki séð neinn sem hentaði. Svo var það að ég fór ásamt vinkonu minni í sófaleiðangur en á endanum var það ekki hún sem keypti sófa heldur ég sem keypti stól,“ segir Sverrir glettinn og lýsir nánar stólnum:

„Mér leist vel á rauða litinn því hann brýtur upp litamynstrið á heimilinu en húsgögnin mín eru nánast öll í jarðlitum tónum. Armarnir eru háir, sætið mjúkt og kallar því stóllinn beinlínis á mann.“

Sverri finnst gott að slaka á í stólum í lok dags, lesa blöðin og fylgjast með sjónvarpinu.

„Ég sit gjarnan í stólum með fartölvuna sem er annar uppáhaldshlutur. Nýlega skipti ég gömlu borðvélinni út og sé ég alls ekki eftir því. Ég græddi

heilmið pláss þegar ég gat losað mig við gamla skrifborðsjálfinn,“ útskýrir Sverrir sem var ekki lengi að nýta plássið.

„Nú kem ég fyrir fallegu borðstofuborði sem foreldrar mínir áttu og get loks haldið almennileg matarboð. Mér finnst fátt skemmtilegra en að sitja við langt borð í góðra vina hópi og borða gómsætan mat,“ segir Sverrir sem er duglegur að rækta vina- og fjölskylduböndin. Sverrir á fleiri hluti úr búi foreldra sinna sem hann hefur taugar til og segir okkur frá litlu leyndarmáli:

„Annar uppáhaldshlutur er gamli „buffet“-skápurinn sem foreldrar mínir áttu. Ég held að svona skápur hafi verið til á flestum íslenskum heimilum á árum áður. Þar geymi ég betri glösin og koníakið en á bakhliðinni eru listaverk síðan ég var krakki og mamma leyfði mér að teikna einhvern tíma þegar skápurinn var færður til.“ Skápurinn hefur því mikið tilfinningalegt gildi og er skemmtilegur minnisvarði um fyrri tíma. Aðrir hlutir sem Sverrir heldur upp á er mynd sem hann keypti í Glasgow og kaffivélin góða auk þess sem uppþvottavélin er heitt elskuð af eiganda sínum.

hrefna@frettabladid.is

Stelpurnar

STELPURNAR

Í KVÖLD KL. 20:45

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: SÍRKUS SÍRKUS+

VÍSIR

skemmtilegri

30%

aukaafsláttur af fyrsta mánuðinum ef þú kaupir áskriftina á Netinu. Stod2.is



STIGAR

Allar mögulegar gerðir eftir óskum hvers og eins - Sjá heimasíðu okkar

Mælum, teiknum og setjum upp Hagstæð verð og fljót afgreiðsla

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Koma fallegustu stigarnir frá Mex ?

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

ALLT TIL BÚTASAUMS - GJAFAVARA

bot.is
www.bot.is

Bot.is - Eyrarvegi 2a, Selfossi - sími 482 4241 - bot@bot.is

Tjáðu þig!

Bloggaðu með símanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!

BlogCentral.is
Stæsta bloggsmálagið á Íslandi

Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

Auglýsingasími
512 50 50

Mest lesið

Fimm leiðir til betra lífs

Feng shui felur í sér listina að koma skipulagi á umhverfi sitt til að auðvelda flæði jákvæðrar orku.

Í sinni flóknustu mynd er feng shui fornt kínverskt hugmynda kerfi sem á rætur að rekja til hugmynda um samband manns og náttúru. Í sinni einföldustu mynd snýst feng shui um hvernig umhverfi okkar hefur áhrif á okkur og hvernig við getum breytt því þannig að líf okkar verði fríðsæla og í betra jafnvægi. Hér á eftir eru taldar fimm leiðir til að lifa eftir feng shui og breyta umhverfinu til hins betra.

Ekki geyma gamla hluti

Með því að losa þig við hluti sem þú hefur ekki þörf fyrir lengur býrðu til pláss fyrir það sem þú vilt hafa í kringum þig. Hvort sem um er að ræða hrúgu af gömlum tímaritum eða gamla skó sem aldrei eru notaðir þá er um að gera að losa sig við allt drasl. Öll lendum við í því að drasl safnast í kringum okkur og þvælist fyrir en þá er um að gera að losa sig við það svo við höfum nóg pláss fyrir það sem skiptir okkur máli. Það þarf ekki endilega að henda öllu því eins manns rusl getur verið annars manns fjársjóður. Það er því tilvalið að gefa gömul föt og húsgögn í þágu góðgerðamála.

Blóm bæta andrúmsloftið

Samkvæmt feng shui eru plöntur góðar til að færa eftirsóknarvert chi eða orku inn á heimilið. Þær eru auk þess náttúruleg leið til að hreinsa andrúmsloftið og geta lífgað upp á dimma vetrardaga. Margar plöntur eru lífseigar og auðveldar í ræktun. Ágætt er þó að hafa í huga að samkvæmt feng shui eru kaktusar og aðrar oddhvassar plöntur ekki hentugar.

Út með ruslið

Ef eitthvað er bilað lagaðu það þá eða losaðu þig við það. Hugmyndin er sú að bilaðir hlutir bjóði heim svartsýni og ergelsi.



Gaman getur verið að endurreiða húsgögnum og breyta aðeins til.

Breytingar eru til bóta

Ef þú vilt hressa upp á sjálfan þig og umhverfi þitt er sniðugt að endurreiða húsgögnum þó ekki sé nema örlítið. Þetta getur verið einföld leið til að kalla fram töluverðar breytingar. Þótt þú sért ekki sannfærð(ur) um að þetta hafi í för með sér miklar breytingar á lífi þínu þá er engu að síður hægt að finna ýmsar gagnlegar ábendingar í feng shui um uppröðun húsgagna og skipulag. Til eru fjölmargar bækur um slíkt.



Plöntur veita hlýju, mynda tengsl við náttúruna og bæta andrúmsloftið.



Hengdu uppáhaldsmyndina þína á áberandi stað.

Myndir skipta máli

Síðast en ekki síst er mikilvægt að hafa í huga að þær myndir sem við höfum í kringum okkur geta haft mikil áhrif á hugarástand. Þetta á við allt frá fjölskyldumyndum og dótinu á ísskápnum yfir í listaverkin sem hanga á veggjunum. Það getur því verið sniðugt að setja uppáhaldsmyndina í fallegan ramma og koma henni fyrir þar sem hún er vel sýnileg. Ef þú ert ónæg(ur) fyrir því sem hangir á veggjunum þá er um að gera að hrista aðeins upp í tilverunni og færa myndir á milli herbergja.

hrefna@rettabladid.is

Allt öðruvísi veggfóður

STUNDUM ER ALLT Í LAGI AÐ SÝNA SMÁ DIRFSKU.

Veggfóður eru til í ótrúlegustu litum og formum. Þó eru líklega fáir sem treysta sér til þess að veggfóðra veggj sína með þessu áberandi veggfóðri frá fyrirtækinu Pierre Frey. Samt er eitthvað heillandi við það.

Pierre Frey var stofnað árið 1935 í París. Hið gróna fyrirtæki býður upp á alls kyns fineri á heimilið. Allt frá húsgögnum, skrautmunnum, ljósum og sængurverum til ótrúlegs úrvals af veggfóðri. www.pierrefrey.com - *sgj*





Valsað ál fyrir þök og vegg

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.alyak.is

fasteignir

15. OKTÓBER 2007

Þjónusta ofar öllu



ATH VIÐ SELJUM ALLA DAGA!



HRINGDU NÚNA
699 6165



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is



Stefán Páll
Löggiltur
Fasteignasali



Húsin eru 85 fermetrar sem eru fullbúin húsgögnum. Hverju húsi fylgir einnig aðgangur að sameiginlegri sundlaug og garði.

Íslendingar kaupa á Spáni

Romero fasteignir (Romero Properties S.L.) hefur nýlega selt töluvert af fasteignum til Íslendinga. Fyrirtækið býður upp á ýmsar eignir víða um Spán en sem stendur bjóða þeir upp á fullbúin parhús í Alicante.

Húsin sem nú standa til boða eru á Suður-Spáni í Alicante-héraði. Þetta eru parhús með þremur svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum og eru þau fullbúin húsgögnum og eldhústækjum. Eldhúsið er í amerískum stíl með stofu

og borðstofu. Matthew Bateman hefur séð um söluna á þessum eignum og lýsir þeim nánar.

„Húsin eru 85 fermetrar. Þessum litlu húsasamtæðum fylgir sameiginleg sundlaug og garður. Það er einungis nokkurra mínútna gangur á Villa Martin-golfvöllinn og Villa Martin-torgið sem er fallett torg þar sem finna má marga bari og veitingahús og iðar þar allt af lífi. Það eru um 2,5 kílómetrar á ströndina og á aðal ferðamannatímanum gengur strætó niður að ströndinni,“ útskýrir Bateman en fyrirtækið aðstoðar kaupendur einnig við að koma sér fyrir.

Nánar er sagt frá eignum á vegum Romero á síðu 8 í fasteignablaðinu.

Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS **3,2%**

Miðað við myntkorf 4,
Libor-vextir 24.7.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

	MYNTKÖRFULÁN ***	BLANDAÐ LÁN **	ÍBÚÐARLÁN
LÁNSUPPHÆÐ	20.000.000	20.000.000	20.000.000
VEXTIR	3,9% *	4,9% *	5,95%
GREIÐSLUBYRÐI****	64.700	106.600	109.500

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 24.07.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.

*** Vextir á erlendri myntkorf ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,2% til 4,3% m.v. myntkorf 4.

**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkorfúláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.



ICON

Hin nýja ásýnd á loftræstiviftum

- Hljóðlát, stílhrein, nett og fyrirferðalítill á vegg eða í loft
- Einstök blómlaga lokunarbúnaður, verndar innri búnað og loftræsir án óþægilegs hávaða.
- Þrjár gerðir sem skila:
 - 21 l./sek. eða 76 m³ klst.,
 - 32 l./sek. eða 118 m³ klst.,
 - 72 l./sek. eða 260 m³ klst.
- Polir raka og auðvelt að þrifa.
- Þriggja ára ábyrgð.

HANNAÐ TIL AÐ SKILA AFKÖSTUM

BLIKKÁS - FUNI
Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogur – Sími : 515 8700

Strandgötu 29 - Akureyri - www.byggd.is
Sími 464 9955

Neðri Rauðalækur, Hörgárbyggð - Hörgárdal

Til sölu 15 ha. land í Hörgárdal. Einungis 15 mín. akstur frá Akureyri.

Skessugil 20, Akureyri



Glæsileg tveggja til þriggja herbergja 70 fm. íbúð í nýlegu fjórþýli í Giljahverfi. Byggingarár 1999. **Verð 15,7 m.kr.**

Hjallalundur 4, Akureyri



Mjög gott tveggja hæða raðhús með innbyggðum bílskúr ofarlega á brekkunni. Eignin er samtals 170 fm. að stærð. Byggingarár 1988. **Verð 30,8 m.kr.**

Huldugil 68, Akureyri



Stórglæsilegt og vel staðsett fimm herb. einbýlishús í Giljahverfi. Innbyggður 43,3 fm. bílskúr. Byggingarár 1993. **Verð 42,5 m.kr.**

Dvergagil 28, Akureyri



Vel skipulagt og fjölskylduvænt fimm herb. raðhús ásamt innbyggðum bílskúr. Vel staðsett á rólegum stað í Giljahverfi. Byggingarár 1990. **Verð 33 m.kr.**

Draumahús

530 1800

**Föst lág
sölupóknun**

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága sölupóknun. Skoðuðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á: www.draumahus.is eða hringdu í síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

Björn Guðmundsson, lögg. fasteignas.



Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss stjórnþúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins



270 Mosfellsbær Kjöríð fyrir hestafólk

Lækjarbraut 4: Einbýlishús með bílskúr og hesthúsi

Remax Lind býður til sölu stórglæsilegt einbýlishús við Meðalfellsvatn í Hvalfirði. Eigninni fylgir hesthús fyrir sex hesta auk hnakkageymslu og hlöðu.

Lýsing: Húsið er 347,2 fermetrar á tveimur hæðum og stendur á 2,2 hektara eignarlandi með útsýni yfir Hvalfjörðinn og aðeins er fimmtán mínútna akstur þangað frá Mosfellsbæ. Á neðri hæð er stór stofa, borð- eða sólstofa með fallegu útsýni og stórt opið fjölskylduherbergi. Þá er þar stórt eldhús með hvítlakkaðri innréttingu, glerskápum og góðum borðkrók. Á neðri hæð hússins er einnig rúmgott þvottahús og búr inn af því auk anddyris og gestasalernis með tæknilegum sturtuklefa. Öll neðri hæðin er flísalögð. Efri hæð hússins skiptist í tvö stór barna-herbergi, baðherbergi með nuddhornbaðkari og vegghengdu salerni. Þar er einnig hjóna-herbergi, opið sjónvarpsrými og stórt fataherbergi. Undir súðum á efri hæðinni er mikið geymslurými. Við húsið er 55,2 fermetra hesthús sem ætlað er fyrir sex hesta, hnakkageymslu og hlöðu en í nágrenni við húsið eru fjölmargir reiðstígar í fallegu umhverfi. Skólabil ekur börnunum til og frá skóla.



Romero

P R O P E R T I E S

+(0034) 968 183 466

+(0034) 669 866 252

email@romerospain.com

www.romerospain.com – Trúlega besta fasteignavefsíðan á Spáni



Hjá **Romero Properties** getur þú keypt milliliðalaust fasteign á frábæru verði. **Romero Properties** útvegar öll lán, gengur fullkomlega frá öllum pappírnum og útvegar öll gögn varðandi fasteignakaupin. Einfaldara getur það ekki verið.



– Láttu drauminn rætast! –



Skoðaðu úrvalið á www.romerospain.com
eða hringdu í síma (0034) 968 183 466 eða (0034) 669 866 252



Pórarinn Jónsson
Hdl. löggiltur-, fasteigna-
fyrirtækja- og skipasali

- ✓ Auglýsum eignina þína með mjög áberandi hætti.
- ✓ Höldum opið hús og sýnum eignina sjálf.
- ✓ Erum í sambandi við þig og væntanlega kaupendur.

- ✓ Verðmetum eignina þína fyrir sölu.
- ✓ Notum fagljósmyndara sem taka myndir af eigninni.
- ✓ Útbúum eignamöppu með upplýsingum um eignina.


Anna Karen
sölufulltrúi
862 1109
annaks@remax.is



Sölusýning að Eyravegi 46, Selfossi


Dagana 20.-21. október

Frí utanlandsferð, pulsar og kók, andlitsmálun fyrir börnin.



Dæmi um 4ja herbergja íbúð

Númer íbúðar: 0101
Stærð: 113,2 m²
Hæð: 1. hæð



Dæmi um 2ja herbergja íbúð

Númer íbúðar: 0205
Stærð: 71,9 m²
Hæð: 1. hæð

Starfsmenn Múr- og Mál kynna til sölu yfir 100 íbúðir að Eyravegi 46-50 og Fossvogi 8-10. Þrjú glæsilegar fullbúnar íbúðir með húsgögnum verða til sýnis. Þeir sem festa kaup á íbúð dagana 20.-21. október fá fría utanlandsferð.

Aðeins sjö íbúðir eru eftir í fyrstu blokkinni.

Tilvalnir fjölskyldudagar, pulsar verða í boði SS og kók í boði Vífilfells. Boðið verður einnig uppá andlitsmálun fyrir börnin.

Opnunartími:

Laugardaginn 20. október..... 13.00-16.00
Sunnudaginn 21. október..... 13.00-16.00

Hlökkum til að sjá ykkur
Starfsmenn Múr- og Mál

Íbúðirnar eru til sölu hjá:

Árborgir Sími: 482-4800
Remax Sími: 480-7606



Múr- og Mál sérhæfir sig í alhliða viðhaldi fasteigna, hvort sem um er að ræða múrviðgerðir, málningavinnu, trésmíðavinnu eða aðra viðhaldsvinnu. Múr- og Mál starfar bæði á almennum útboðsmarkaði og í eigin framkvæmdum við að byggja og selja fasteignir. Hjá fyrirtækinu starfar breiður hópur iðnaðarmanna með sérþekkingu á sínu sviði. Múr- og Mál hefur aðsetur að **Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík, Sími: 587-5100**. Tengiliður er Erla Víðisdóttir viðskiptafræðingur



STÓRBORG
fasteignasala

Stefán Hrafn Stefánsson Hdl. löggiltur fasteignasali

Kirkjustétt 4 :: 113 Rvk :: Sími: 534 8300 :: Fax: 534 8301 :: www.storborg.is :: storborg@storborg.is



Jónas Sævarjón



Magnús K. Sölvfríð



Stefán Hrafn Hdl. löggiltur fasteignasali



Magnús Þórní

Fasteignaeigendur!

Vantar allar gerðir og stærðir eigna á skrá! – Mikil sala!

Mikil eftirspurn eftir tveggja herbergja íbúðum.

Okkur vantar tveggja herbergja íbúðir á skrá og íbúðir á verðbilinu 15-23 milljónir. **Mikil eftirspurn.**

Hafið samband við sölumenn okkar sem allra fyrst.

EIGNAMIDLUN
 Síðurnala 21 • eignamidun@eignamidun.is • Fax 588 9095
 www.eignamidun.is • Opíð Mánud. – Föstud. 9-17
 Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson lögg. fast.sali

Laugarásvegur eftirsótt staðsetning

KEILUGRANDI – LAUS STRAX



Mjög falleg nýstandsett 99 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli. Stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, sjónvarpshol og þrjú herbergi. Sjávarútsýni. Lán að fjárhæð 19,5 millj. fylgir. ÍBÚÐIN ER LAUS STRAX. **V. 29,8 m.** 7038

STAKKHAMRAR – GLÆSILEGT




Glæsilegt einlyft 182,2 fm einbýlishús á eftirsóttum stað með innbyggðum 33,6 fm bílskúr. Lóðin er mjög falleg með tveimur veröndum, upphituðu hellulögðu plani og stéttum, grasflöt og fjölbreyttum trjágróðri. Húsið skiptist í forstofu, 3-4 herbergi, stofur, eldhús, baðherbergi, þvottahús og bílskúr. **V. 59,9 m.** 6899

ENGJASEL – ÚTSÝNISÍBÚÐ



4ra-5 herbergja glæsileg íbúð á 3. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í rúm-gott hol, stofu, eldhús, baðherb. og 3 svefnh. Íbúðin er sjálf 113 fm með geymslunni sem er 7,4 fm en henni fylgir einnig 24,5 fm sérherbergi í kjallara. Mjög góð lóð fyrir framan húsið sem er með leiktækjum o.fl. Blokkin hefur verið klædd með Steni. **V. 27,5 m.** 7029

HÓLAVAÐ – NORÐLINGAHOLT



Glæsilegt 167,2 fm endaraðhús með innb. bílskúr. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðst. og 4 herb. Mikil lofthæð á efri hæð. Stórar flisalagðar svalir. Húsið hefur verið innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Innanhúss arkitekt er Berglind Berndsen. Nánari upplýsingar veitir Magnea Sverrisdóttir fasteignasali í síma 861-8511. **V. 54,0 m.** 6922

FROSTASKJÓL – EINSTÖK EIGN



Vel skipulagt og fallegt 229,2 fm einbýlishús í Vesturbæ Reykjavíkur sem skiptist þannig: Á 1. hæð er anddyri, hol, stofa, borðstofa og eldhús. Á neðri palli (kjallari/jarðhæð) er þvottahús, geymslu, sjónvarpsherbergi og svefnherbergi með sérbaðherbergi (Þetta herbergi er bílskúr á teikningu). Á efri palli eru þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Nánari upplýsingar veitir Heiðar sölumaður í síma 824-9092. **V. 69,8 m.** 6594

HÁALEITISBRAUT – SIGVALDA-BLOKK



Falleg og vel skipulögð 4-5 herb. íbúð á 4. hæð. Íbúðin er 3 herb., 2 stofur, eldh., sérþv.hús, baðh. og hol, í kj. er sérgeymsla. Teiknað af Sigvalda Tordarsyni **V. 25,9 m.** 6989

MÁVAHLÍÐ – SÉRINNGANGUR



Falleg 4ra herb. neðri sérhæð með bílskúr sem hefur verið endurnýjuð að hluta. Eignin skiptist í forstofu, hol, 2 herb., stofu, borðstofu, eldhús og baðh. Sérgeymsla í kjallara og sameiginlegt þv.hús. Íbúðin er vel skipulögð. Svalir eru í suður. **V. 31,5 m.** 7028



Vorum að fá í einkasölu mjög fallegt einbýlishús á tveimur hæðum í Laugarásnum. Arkitekt er Gunnar Hansson. Húsið stendur á 840 fm lóð til suðurs. Húsið er mjög vel skipulagt en það skiptist m.a. í stóra stofu með mikilli lofthæð, borðstofu, sjónvarpshol, tvö baðherbergi, snyrtingu og 4-5 herbergi. Arinn í stofu. 7042

Nánari upplýsingar veitir Magnea Sverrisdóttir fasteignasali í síma 861 8511.

OFANLEITI – SÉRINNGANGUR



Mjög falleg 3ja herb. 87 fm íbúð á jarðhæð. Útaf stofu er gengið út á hellulagða verönd til suðurs. Nýlega standsett baðherbergi. Blokkin er nýmáluð. Sér inngangur í íbúðina. **Verð 26,9 millj.** 7043

LUNDARBREKKA



3ja herb. 100,5 fm íbúð er skiptist í hol, stofu, eldhús, tvö herbergi og baðh. og búr/geymslu. Í kjallara er sérgeymsla og sérfrysti-þv.hús. Sameiginl. þv.hús. **V. 18,9 m.** 7036

MELGERÐI – HEIL HÚSEIGN, TVÆR ÍBÚÐIR



Hentar tveimur fjölskyldum eða sem einbýli. Efri hæð. Falleg og björt 100 fm efri sérhæð ásamt 35 fm bílskúr og ca.7 fm auka-herb. á jarðhæð. Af svölum er gengið niður á timburverönd með heitum potti. Verð 36,9 millj. Neðri hæð. Falleg og velstaðsett 3ja herbergja 72 fm íbúð á jarðhæð/kj. með sér inngangi í 2-býli. Sér bilastæði. **Verð 19,9 millj.**

SKÓLAGERÐI – KÓP EFRI HÆÐ Í 2-BÝLISHÚSI



Mjög falleg 132 fm 5 herb. efri hæð í 2-býlishúsi. Auk þess fylgir 35 fm bílskúr. Hæðin skiptist m.a. í tvær stofur, rúm-gott hol og þrjú stór herbergi. Endurnýjað eldhús og baðherb. Þvottahús í íbúð. Suðursvalir. **Verð 36,9 millj.**

LAUFÁSVEGUR – BYGGINGARLÓÐ



Um er að ræða einbýlishús sem byggt er um og rétt eftir aldamótin 1900. Húsið er timbur á á einni hæð á stein kjallara. Húsið stendur á 447,9 fm eignarlóð. Hugmyndin er að selja lóðina undir nýtt hús og fjarlægja gamla húsið.

Þjónusta ofar öllu

RE/MAX
Fasteignir



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is



Stefán Páll
Lögg.
fasteignasali

Naustabryggja 2

Penthouse

BÓAS & GUNNAR



Stórglæsileg penthouse íbúð á tveimur hæðum með stæði í bílageymslu. Forstofu með flísum á gólfi, góður fataskápur úr magnhony. Barnaherbergin eru tvö, annað er með flísum á gólfi og hitt með parketi á gólfi. Vinnustofa/skrifstofa með tvöfaldrí hurð með frónskum gluggum, úr vinnustofu er gengið út á suð-vestur svalir. Eldhúsið er með kirsuberjainnréttingu, nýlegum fallegum tækjum frá Gorenja. Úr eldhúsi er gengið út á góðuar grill svalir. Hjónaherbergi með parketi á gólfi og mjög góðum fataskápum. Þvottaherbergi er á herbergjagangi. Baðherbergi flísalagt bæði á veggjum og gólfi, stór sturtuklefi, allt ný innréttað. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar úr Mahony sem og allar hurðir. Á efrihæð, er mjög rúmgott rými með c.a. 5 metra lofthæð og tveimur kvistum, þar er stórt snokerborð, útgengt á vestursvalir. Viðarrímlagluggatiöld eru fyrir öllum gluggum. Sérgeymsla í sameign.

Pantaðu skoðun í síma 699 6165.

Opið hús
í dag frá
kl 18.30 – 19.00

Verð : 43.900.000
Byggingaár: 2000
Brunabótamat: 28.890.000
Fasteignamat: 31.460.000
Stærð: 153,4
3 svalir
Stæði í bílageymslu

Hringdu núna!
6996165

RE/MAX Fasteignir
Engjateig 9
105 Reykjavík
Sími: 578 8800

FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands

Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtækjasala.is

FYRIRTÆKI Í KÆLIVÉLAVIDGERÐUM.

Til sölu kælivélaverkstæði með mikla sérstöðu. Mjög góð aðstaða og starfsumhverfi. Nánari upplýsingar aðeins veittar á skrifstofu okkar en EKKI í síma. Einstakt tækifæri.

STÁLSMÍÐJA Í EIGIN HÚSNÆÐI., NÝTT Á SKRÁ.

Til sölu stálsmiðja sem er með sérhæfð verkefni og innflutning tengdan því. Er í mjög góðu nýlegu eigin húsnæði. Selst saman eða í sitt hvoru lagi. Frábært tækifæri.

SPORTBAR Á HÖFUÐBORGARSV., NÝTT Á SKRÁ.

Til sölu vinsæll staður, vel staðsettur í 250 fm leiguhúsnæði. Góður búnaður á staðnum. Fullt vinnustofu. Sanngjarnt verð. Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.

HEILDSALA - SMÁSALA Í RENNILÁSUM OFL.

Til sölu þekkt verslun og heildverslun í rennilásnum og öðrum vörum til fataiðnaðar. Fyrirtækið hefur starfað í yfir 20 ár og hefur mjög góða framlegð. Kjörrið tækifæri fyrir fyrirtæki. í svipuðum rekstri. Er í mjög rúmgóðu húsnæði. Hefur mikla sérstöðu á markaði. Er með traust umboð og vandaða vöru. Frábært tækifæri fyrir rétta aðila. Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.

INNFLUTN. FYRIR HÓTEL, VEITINGAH. OG SPÍTALA.

Til sölu heildverslun sem þjónustar hótél og veitingahús og fl. Flytur inn vörur í háum gæðaflokki. Góð umboð og frábært verð. Upplýsingar á skrifstofu.

NÝTT Á SKRÁ - ÞEKKT HÁRSNYRTISTOFA.

Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi MSW, fjölskylduráðgjafi og sáttamaður. Starfar við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og á eigin stofu.
2. Áfram ábyrg
Hera Ósk Einarsdóttir, félagsráðgjafi við Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar
3. Sáttamiðlun milli foreldra um hag og þarfir barna við skilnað
Ingibjörg Bjarnardóttir, lögmaður, sáttamaður og formaður Sáttar - Félags um sáttamiðlun

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstóri Erla Þórðardóttir, félagsráðgjafi og forstöðumaður Fjölskyldumiðstöðvarinnar.

Skráning á morgunverðarfundinn er hjá Oktavíu Guðmundsdóttur, gjaldkera fræðslunefndar á netfanginu: oktavia@fef.is
Hægt er að greiða beint inn á reikning nefndarinnar á nr.1158-26-060212, kt. 430775-0229, kr. 2.500.

Takið daginn frá og skráið ykkur sem fyrst!

**Kveðja,
Fræðslunefndin**



Tillaga að deiliskipulagi: Brú á Leirvogsa við Fitjar

Reykjavíkurborg og Mosfellsbær auglýsa hér með í sameiningu skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að deiliskipulagi reits við Leirvogsa milli Fitja og flugvallarsvæðis á Tungubökkum. Tillagan gerir ráð fyrir að byggð verði brú yfir ána fyrir gangandi, hjólandi og riðandi vegfarandur, skv. nánari skilmálum á uppdrætti.

Tillöguuppdráttur með greinargerð og skipulags-skilmálum verður til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð, og í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, frá 15. október 2007 til 26. nóvember 2007, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is undir: *Framkvæmdir/Deiliskipulag* og á heimasíðu skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar: www.skipbygg.is

Athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist til skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar (merktar skipulagsfulltrúa) eða til Mosfellsbæjar (merktar skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 26. nóvember 2007. Einnig má senda athugasemdir í tölvupósti á skipulag@rvk.is eða finnur@mos.is.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykktur.

9. október 2007,
Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar



KVÖLDSÖGUR Á BYLGJUNNI

ANNA KRISTINE ÖLL FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 22

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Hringdu í síma

5125060

ef blaðið berst ekki



VIRGILL FÆDDIST PENNAN DAG
ÁRIÐ 70 F.K.R.

„Okkar fegurstu stundir
fljúga hraðast hjá.“

Heimspékingurinn Virgill er
höfundur meistaraverksins
Eneasarkviðu. Það hafði mikil
bókmenntaáhrif í Rómaveldi
hinu forna og enn er víða fjall-
að um það þar sem klassísk
fræði eru kennd.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 15. OKTÓBER 1940

Esjan flutti 258 Íslendinga heim

Pennan dag árið 1940 lauk giftusamlega heimflutningi 258 íslenskra ríkisborgara sem höfðu teppst í Evrópu vegna ófriðarins sem þar geisaði. Strandferðaskipið Esja sótti þá til Petsamo í Norður-Finnlandi en þangað höfðu þeir flestir komið með lest frá Stokkhólmi þar sem þeir höfðu safnast saman í lok september. Flestir komu þangað frá Kaupmannahöfn. Esjan lagði af stað frá Reykjavík til að sækja fólkið hinn 20. september eftir að bresk og þýsk hernaðaryfirvöld höfðu gefið henni fararleyfi. Hún var þó hertekin af þýskum herflugvélum á útleið og var skipað að sigla til Þrándheims þar sem hún var kyrrsett í fjóra daga. Þar komu tveir íslenskir sjómenn um borð. Þetta lengdi leið hennar um 4.000 sjómílar. Hinn 5. október var lagt af stað heim frá Petsamo. Þrengsli voru mikil en farþegar skemmtu sér eftir föngum með hljóðfærslætti,



söng, upplestri og dansi og gáfu meðal annars út blað sem þeir nefndu Íshafspóstinn. Það var lesið upp í útvarpi skipsins. Esjan hafði viðkomu í Kirkwall á Orkneyjum vegna afskipta bresks eftirlits. En heim komst hún gegnum allar hættur og var vel fagnað enda hafði hennar verið beðið með eftirvæntingu af ástvinum farþeganna og þjóðinni allri.

MERKISATBURÐIR

- 1863 Fyrsti kaþbáturinn sekkur þennan dag í höfninni í Charleston. Með honum fórst uppfinningamaðurinn og sjö manna áhöfn.
- 1940 Kvikmyndin Einræðis-herrann eftir Charles Chaplin er frumsýnd.
- 1946 Þýski nasistaforinginn Hermann Göring sviptir sig lífi.
- 1975 Íslenska fiskveiðilög-sagan er færð út í 200 sjómílar.
- 1979 Minnihlutastjórn Alþýðu-flokks undir forystu Benedikts Gröndal tekur við völdum. Hún sat til 8. febrúar 1980.
- 1990 Tilkynnt er að Mikhail Gorbatsjov hljóti friðarverðlaun Nóbels.



ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN er á fyrstu hæð í miðri þyrpingunni.

Jónshús fyrir eldri borgara

Ný þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara í Garðabæ var formlega tekin í notkun síðastliðinn föstudag í Jónshúsi, Stríkinu 6 á Sjálandi. Þar verða glæsilegar höfuðstöðvar félagsstarfs eldra fólksins en einnig er áfram boðið upp á það á fleiri stöðum í bænum.

Þjónustumiðstöðin í Jónshúsi er 508 fermetrar að flatarmáli. Í henni er aðstaða fyrir hvers konar félagsstarf, matsalur og framreiðslueldhús. Að auki verður hárgreiðslustofa

og fótisnyrtistofa í húsinu. Hægt verður að kaupa hádegisverð í matsalunum innan skamms tíma.

Með tilkomu Jónshúss flýst miðstöð þjónustu við eldri borgara í Garðabæ á Sjálandið og um leið verður hægt að efla hana í nýju og fallegu húsnæði. Jónshús er þyrping sex húsa. Í þeim eru 134 íbúðir fyrir fólk 60 ára og eldri. Þjónustumiðstöðin er á fyrstu hæð í miðri þyrpingunni og þangað eru allir eldri borgarar alls staðar að úr Garðabæ velkomnir. - gun



GYÐA GÍSLADÓTTIR „Þá var farið um miðjar nætur, jafnvel klukkan þrjú, og beðið í bílnum eftir að opnað væri klukkan sjö. Þeir sem voru aftarlega í röðinni fengu ekki neitt.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

BLÓMABÚÐIN BURKNI Í HAFNARFIRÐI ER 45 ÁRA Í ÁR

Vorum sannkölluð blómabörn

„Kveikjan að versluninni var sú að við krakkarnir í fjölskyldunni og fleiri börn gengum um bæinn og seldum gerviblóm sem mamma bjó til úr kreppappír. Við vorum sannkölluð blómabörn. Pabbi keyrði okkur líka suður með sjó og víðar í sölutúra,“ segir Gyða Gísladóttir, eigandi blómabúðarinnar Burkna í Hafnarfirði. Verslunin fagnar 45 ára afmæli nú á haustdögum og hefur alltaf verið í eigu sömu fjölskyldu. Var stofnuð haustið 1962 af foreldrum Gyðu, Sigrúnu Þorleifsdóttur og Gísla Jóni Egilssyni, sem nú er látinn. Árið 1996 keypti Gyða búðina en hefur alltaf unnið þar fyrir utan nokkur ár sem hún bjó erlendis.

Bregðum okkur aftur til fortíðar með hjálp Gyðu. „Pabbi var sjómaður en missti heilsuna og kom í land. Þar sem mamma er handlagin og listræn kona og gerviblóm hennar geysivinsæl varð það úr að þau stofnuðu blómabúðina. Hún var meðal þeirra fyrstu á höfuðborgarsvæðinu. Blómabændur voru ekki með sameiginlega dreifingu á þessum tíma en byrjuðu með markað í bílskúr í Álfheimunum. Þangað fórum við á hverjum morgni að ná í blóm og keyptum fyrir söluina daginn áður. Úrvalið var takmarkað því ekkert var flutt inn. Túlípanar fengust þó allan veturinn og einhverjar rósir og baunablómi man ég eftir. Aspas var

ræktaður til að klippa niður og hafa með blómunum. Þá var líka svo mikil pottablómamening. Ég sakna hennar. Allar konur að gefa hver annarri afleggjara og þótti sérstakur fengur í fágætum tegundum.

Um 1980 hafði blómabúðunum fjölgað og markaðurinn var fluttur upp á Höfða. Þá var farið um miðjar nætur, jafnvel klukkan þrjú, og beðið í bílnum eftir að opnað væri klukkan sjö. Þeir sem voru aftarlega í röðinni fengu oft ekki neitt. Síðar komst sú aðferð á að mæta klukkan sjö og draga númer úr potti. Sá sem var með lægstu tölu valdi fyrst og ef maður var meðal 10 lægstu borgaði sig að bíða, annars ekki. Stundum var keyrt austur í Hveragerði í blómaleiðangra en heiðin var óskemmtileg yfirferðar og bílakosturinn ekki beysinn heldur. Pabbi átti gamlan Austin sem var götugur í botninum og ef bleyta var á vegunum gengu gusurnar yfir mann. Svona var nú bara lífið þá.

Það hefur ýmislegt gengið á í blómabransanum en íslenskir garðyrkjumenn hafa staðið sig mjög vel. Svo lagaðist úrvalið mikið þegar farið var að flytja inn blóm, blöð, greinar og annað slíkt. Það var ekkert svoleiðis til að byrja með. Þá var heldur ekki til oasis til að skreyta í heldur notað frauðplast. Árið 1995 fórum við að flytja inn vörur frá fyrirtæki sem heitir Homeart og

seljum þær í miklum mæli. Nú höfum við nýtekið við umboði fyrir vörum frá Margit Brant, dönskum tískuhönnuði sem hannar flottar gjafavörur.

Burkni var fyrst í gamla pósthúsinu við Strandgötu en 1968 réðust foreldrar mínir í að kaupa hæðina á Linnestíg 3 sem við erum í núna. Það hús þótti út úr þá, byggt á uppþyllingu niðri í fjöru og allt ómalbikað í kring. Nú er það alveg í miðjum bæ. Foreldrar mínir voru með þeim fyrstu hér í Firðinum sem lýstu upp götuna fyrir jólni og höfðu ljós í gluggum. Fólk fór í bíltúra til að skoða.“

Þótt eiginmaður Gyðu sé ekki með henni í verslunarstörfunum kveðst hún fá góðan stuðning frá honum og öðrum í fjölskyldunni. „Það er nauðsynlegt að eiga góða að þegar maður stendur í svona rekstri. Við höfum líka haft traust starfsfólk alla tíð og það er einstakt lán.“

Í lokin rifjar Gyða upp sérstakar stundir í búðinni sem eru sterkar í minningunni. „Frænkur mínar, bæði í móður- og föðurætt, komu stundum á nöttunni í jólamánuðinum og hjálpuðu mömmu að þrifa, skreyta og stilla út og þá var oft gaman. Mikið sungið og hlegið. Við rifjum þetta næturþjör stundum upp. Eftir því muna allir sem hafa eitthvað komið nálægt þessari búð.“

gun@frettabladid.is



Ástkær sonur okkar og
bróðir minn,

Sigurður Tryggvason

Heiðargerði 86,

lést á heimili sínu aðfaranótt 11. október.
Útförin auglýst síðar.

Steinunn Ástvaldsdóttir Tryggvi Sigurðsson
Ástvaldur Tryggvason



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

Birna Hafstein

er látin.

Jakob V. Hafstein Erla Hauksdóttir
Július Hafstein Ingimundur Konráðsson
Áslaug B. Hafstein
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettab-
ladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Keyptu Hótel Stykkishólm

Sverrir Hermannsson og Björgvin Þorsteinsson lögmaður keyptu nýlega Hótel Stykkishólm og stefna að heilmiklum endurbótum á hótelinu. Svo miklum að það verði orðið að góðu fjögurra stjörnu hóteli að framkvæmdum loknum.

Auk endurbótanna stefna nýir eigendur að því að stækka hótelið en

þegar hefur fengist leyfi fyrir því að bæta hæð ofan á nýbyggingu við hótelið. Þá mun ráðstefnuaðstaðan einnig batna verulega.

Sverrir og Björgvin eiga fyrir Hótelið í Ólafsvík auk ferðaþjónustufyrirtæki síns Snjóföll á Arnarstapa, sem er með gistingu og ferðir á Snæfellsjökul.

www.stykkisholmsposturinn.is



STYKKISHÓLMUR Hótel Stykkishólmur hefur verið selt.



Látið ekki blekkjast!

Verðkönnun ASÍ í lágvöruverðsverslunum
10. október 2007


BÓNUS HOLTAGÖRÐUM

Mc Cain Superfries kg.verð	397
Epli rauð, per kg - Ódýrast	129
Kínakál per kg - Ódýrast	285

KEPPINAUTUR BÓNUS

Mc Cain Superfries kg.verð	465
Epli rauð, per kg - Ódýrast	130
Kínakál per kg - Ódýrast	269

Raunveruleg kassakvittun frá keppinaut Bónus



Verulegs ósamræmis gætir í verðkönnun ASÍ og hins raunverulega vöruverðs keppinautar Bónus

Samkvæmt verðkönnun ASÍ var kg-verð á rauðum eplum hjá keppinaut Bónus **79 kr.** en við innkaup er kg-verðið á kassakvittun 130 kr.

Kínakál kostaði **120 kr.** samkvæmt sömu könnun en á kassakvittun er hið raunverulega verð 269 kr.

McCain franskir kartöflur kostuðu í könnun ASÍ **266 kr.** en á raunverulegri kassakvittun er verðið 465 kr. kg.

Bónus býður lægsta verð á matvöru á Íslandi. Gerið verðsamanburð.

Vegna gífurlegra vísuvalda - aukasýningar í Rvk
 25. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 26. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 27. Okt. - ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00
 1. Náv. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 2. Náv. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 20.00
 3. Náv. ÓPERAN REYKJAVÍK kl. 19.00
 Miðasala daglega í Óperunni í síma 511-4200
 Eða kl. 14-18 og 9.mídi.is

SÝNINGAR Í AUSTURBÆ

BLINDA KINDIN eftir Elísabetu Jökulsdóttur
 Næstu sýningar: 20/10 og 28/10

SÖNGLEIKURINN ÖSKUBUSKA
 eftir Agnar Jón Egilsson. Tónlist: Hallur Ingólfsson
 Næsta sýning: 20/10

Miðasala í síma 551 4700 og á midi.is

ARIADNE

ARIADNE eftir Richard Strauss
 Lokasýning næstkomandi föstudagskvöld
 19. október kl. 20 - örfá sæti laus
 Kynning Árna Heimis Ingólfssonar í boði VÍÓ kl. 19.15

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
 Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

TENNIS Í VETUR

Ennþá eru lausir nokkrir vikulegir tímar!

- Morgun- og hádegistímar í boði og nokkrir aðrir tímar enn lausir.
- Byrjendanámskeið fyrir fullorðna eru að hefjast. 10 tíma námskeið kostar **17.900 kr.** Aðeins fjórir á hverju námskeiði. Spaðar og boltar á staðnum.
- Tennis er skemmtileg hreyfing.

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 og á www.tennishöllin.is

Dane Cook Jessica Alba Dan Fogler

Good Luck Chuck

Sometimes love blows.

Vinnningarveðja afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogur. Með því að taka þátt eru komandi í SMS klúbbi. 99 kr/skýtið.

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS **JA GLF** Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BIÓMIÐA!
 VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

Framsýnd 12. október

STUÐ MILLI STRÍÐA íkornar og skriðdýr

VIÐSÍÐI ÞORMÓÐSDÓTTIR HEFUR EKKI ÁHUGA Á LANDSLAGI



Íslensk náttúra er stórbrotin og fögur. Flestum þykir ekki þörf á að ræða það mál frekar. Mér hefur þó persónulega löngum þótt hún heldur ofmetin og er aðeins ein ástæða fyrir því: hér á landi er tilfinnanlegur skortur á áhugaverðu dýralífi. Það er til dæmis asnalegt að við séum eitt af sárafáum Evrópulöndum sem eiga sér engar innfæddar skrið- eða froskdýrategundir. Skriðdýr þykja töff; það sannast víst best á því að enginn eiturfjalsali getur talist maður með mönnum öðruvísi en að eiga snák. Froskdýr þykja aðeins

minna töff, þrátt fyrir að vera oft slímug og eitruð. Aftur á móti ætla ég ekki að halda því fram að íslensk dýr, þau sem á annað borð eru til staðar, séu endilega minna áhugaverð en kvikindi annarra þjóða. Slík hugmynd er að sjálfsgöðu af og frá; vandamálið er heldur í því fólgið að íslensk dýr eru fá og sjaldséd. Sumum finnst landslag lítils virði ef það heitir ekki neitt; mér er slétt sama um örnefni. Náttúrulegt umhverfi öðlast fyrst og fremst gildi í mínum huga þegar ég sé villt dýr nota það sem vettvang til að sinna sínum málum. Æsilegasta fjallanga sem ég hef farið í var þegar ég gekk á einhvern hól á Suðurlandi sem mér er fyrrmunað að muna

hvað heitir. Í þeirri ferð rakst ég á fáka og varð vitni að háskalegri baráttu tveggja kóngulóa upp á líf og dauða. Eg man vart annað úr göngunni, ef satt skal segja, enda landslag mér lítils virði ef það inniheldur ekki lífsbaráttu dýranna. Það skal viðurkennast að ég er borgar barn og þar af leiðandi ekki alveg nógu vel staðsett til þess að vera með miklar meiningar um íslenska náttúru. En það mætti svo sem alveg bæta dýrum í borgarlandslagi líka, mín vegna. Ég er að verða svoltið leið á þessum eilífu spörfuglum alltaf hreint og vil meina að nokkrir vel valdir íkornar gætu hressst verulega upp á svartasta skammdegið með krúttlegum upp-tækjum sínum.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli

Þá kiki ég aðeins á myndirnar þínar...
 og þær líta nú mjög vel út...
 Flott! Takk fyrir í ár!
 Bíddu nú aðeins!

■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Mamma, það snjóar! Viltu keyra mig niður í útvarp?
 Á útvarpsstöðina? Af hverju?
 Allir sem hlaupa framhjá henni á nærbuxum í snjóbyl fá ókeypis bol.
 Ég gef þér tvo boli ef þú tekur sonsum.
 Mamma!

■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Vá!! Þetta er í alvörunni himnaríki, engar raðir!

■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

BANK BANK BANK

■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hæ, Solla.
 Hæ, þabbi.
 Hæ, Hannes.
 Hæ, þabbi.
 Það er munur á að eiga stráka og stelpur, ekki satt?
 Ég get stökkið alveg héðan og að uppþvottavélinni... viltu sjá?



ÁSDÍS SIF GUNNARSDÓTTIR
Sýnir vídeóverk í
Regnboganum á morgun.



BJARNI MASSI Sýnir stuttmyndir
í Regnboganum í dag með Lorti.

Myndlist í Regnboganum

Myndlistarhátíðin Sequences stendur yfir um þessar mundir, en undir formerkjum hennar fara fram listviðburðir víðs vegar um höfuðborgina.

Hluti af dagskrá Sequences fer fram í Regnboganum, Hverfisgötu 54, í dag og á morgun. Í dag verður það listfélagsskapurinn Lortur sem stígur á svið með stuttmyndadagskrá og sérlegan leynigest.

Bjarni Sigurbjörnsson, betur þekktur sem Bjarni massi, er meðlimur í Lorti. „Lortur er félagskapur sem upphaflega var stofnaður í kringum kvikmyndagerð en hefur tekið nokkrum breytingum á liðnum árum. Meðlimir hafa farið í ýmsar áttir í sinni listsköpun og því er Lortur farinn að láta til sín taka á ólíkum listsviðum,“ segir Bjarni.

Dagskráin sem Lortur býður

upp á í Regnboganum er stuttmyndir með myndlistarívafi, að sögn Bjarna. „Við ætlum þarna að sýna verk sem við höfum unnið nýlega. Þetta eru stuttar myndir sem falla þó kannski ekki beint í þetta hefðbundna stuttmyndaform. Þær eru fremur á mörkum kvikmyndagerðar og myndlistar. Sýndar verða myndir eftir mig og mynd eftir Kristján Loðmfjörð sem hann vann sem útskriftarverkefni frá myndlistarskóla í Hollandi. Svo verður vel þess virði að sjá framlag leynigestsins þar sem hann er enginn annar en rit höfundurinn góðkunnir Huldar Breiðfjörð, en hann útskrifaðist úr kvikmyndagerðarnámi í New York nú í vor.“

Á morgun hýsir Regnboginn aðra dagskrá á vegum Sequences, en þá munu nokkrir myndlistarmenn sýna vídeólist. Ásdís Sif Gunnarsdóttir er ein þeirra.

„Verkið heitir „Once again I have fallen into my feminine ways“. Þetta er ljóðræn og dram-

atísk vídeóstuttmynd um þar sem lendir í hremmingum. Lára Sveinsdóttir og Daniel Björnsson leika parið og ég leik persónuna „Techno-witch“.

Myndin er unnin upp úr gjörningi sem ég framdi í Leikhúsi listamannsins í Klink og Bank á sínum tíma,“ segir Ásdís.

Það er ekki á hverjum degi sem myndlist er sýnd í bíó, en það leggst vel í Ásdís. „Videóverk eftir mig var reyndar sýnt í Regnboganum í fyrra. Þá var ég með gjörning fyrir sýningu verksins, en ég sleppi því núna. Það var samt afskaplega skemmtilegt; fólk var með popp og kók og mikil bióstemming ríkti.“

Aðrir listamenn sem sýna verk sín á þriðjudag eru Sigtryggur Berg Sigmarsson og Carsten Aaschmann, Jóhannes Atli Hinriks-son, Marthe Thorshaug, Baldur Björnsson og Anna Lind.

Viðburðirnir hefjast kl. 17 báða dagana og er aðgangur að þeim ókeypis. vigdis@frettabladid.is



Eyrarrósinn

Viðurkenning til framúrskarandi menningarstarfs

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem veitt er árlega einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Eyrarrósinn hefur verið afhent þrisvar sinnum og hafa eftirtaldir hlotið viðurkenninguna: Þjóðlagahátíðin á Siglufirði árið 2005, LungA - Listahátíð ungs fólks á Austurlandi árið 2006 og Strandagaldur árið 2007.

- Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2008
- Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar
- Viðurkenningin verður afhent í ársbyrjun 2008 á Bessastöðum
- Verkefnið sem hlýtur viðurkenninguna fær sérstaka kynningu í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 2008
- Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú

HÉR MEÐ ER AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM EYRARRÓSINA 2008

UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:

Lýsing á verkefninu

Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu; umfangi þess, sögu og markmiðum.

Tíma- og verkáætlun

Gerð skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2008. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stökknum.

Upplýsingar um aðstandendur

Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

Fjárhagsáætlun

Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári. Uppgjör ársins 2006 fylgi umsókn.

- Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina
- Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningarhátíð
- Umsóknarfrestur er til 19. nóvember 2007 og verður öllum umsóknum svarað
- Viðurkenningin verður veitt í janúar 2008
- Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar Eyrarrósinn

Allar nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík í síma 561 2444, hrefna@artfest.is www.listahatid.is



Hagkvæmari rekstareining

Renault Kangoo fæst í 4x4 útgáfu. Einnig færðu Renault Kangoo með sjálfskiptingu.

Ný sending komin!



Bíll á mynd: Kangoo 6 dyra með álfélgum, þokuljósum og hlíðarglugga.

Kr. 21.194

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.670.000

Verð frá kr. 1.341.365 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 26.386

Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.

Kangoo Express - 6 dyra - 75 hestöfl - beinskiptur.

Kr. 1.341.365 kr. án VSK.

Við greiðum að sjálfsgöðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkørfu með 20% útborgun með og án/vsk.



Veldu þinn stað SLÉTTUVEGUR



Lóðir í grónu umhverfi Fossvogsdals

Reykjavíkurborg auglýsir eftir tilboðum í byggingarrétt á reit sem afmarkast af Sléttuvegi, Háaleitisbraut, Fossvogsvegi og Kringlumýrarbraut. Um er að ræða þetta byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa í grónu umhverfi.

Leitast er við að fella nýju byggðina sem best að þeirri byggð sem fyrir er í Fossvogi, þar sem eru einbýlishús, parhús og fjölbýlishús neðst í dalnum en allt að 6 hæða fjölbýlishús ofan Sléttuvegar. Neðst á nýja svæðinu er gert ráð fyrir tvíbýlishúsum, raðhúsum og sambýli fyrir fatlaða. Á svæðinu er fyrirhugað að Hrafnista reisi íbúðir fyrir aldraða, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð. Einnig er fyrirhugað að Samtök aldraðra byggja íbúðir fyrir félagsmenn líkt og eru á næstu lóð að Sléttuvegi 19-23. Þá eru nemendagarðar fyrirhugaðir á svæðinu sem og almennar íbúðir í fjölbyli.

ÚTBOÐIÐ TEKUR TIL EFTIRTALINNA LÓÐA:

- ◆ FJÖLBÝLISHÚS: EIN LÓÐ, 28 ÍBÚÐIR.
- ◆ RAÐHÚS (KEÐJUHÚS): 13 LÓÐIR, 13 ÍBÚÐIR.
- ◆ SAMTENGD TVÍBÝLISHÚS: 8 LÓÐIR, 16 ÍBÚÐIR.



SKILAFRESTUR TIL 19. OKTÓBER

Tilboðum í byggingarrétt skal skila til Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 2, fyrir kl. 16:15 föstudaginn 19. október 2007. Tilboð skulu gerð á tilboðseyðublöð sem Framkvæmdasvið lætur í té. Greiða skal tilboðstryggingu, 300.000 kr. þegar tilboði er skilað.

ÚTBOÐSGÖGN OG SKILMÁLAR

Öll gögn varðandi lóðirnar og útboð byggingarréttarinnar eru aðgengileg á heimasíðu Framkvæmdasviðs, www.reykjavik.is/fs. Enn fremur fást tilboðseyðublöð og skipulagsuppráttur afhent í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2.



Reykjavíkurborg

„Hasarmyndir snúast í rauninni um að sitja í hjólhýsi allan daginn og gera ekki neitt. Þú kemur þangað klukkan sex að morgni, klæðir þig upp, ferð í förðun og meikið lekur inn í húðina á þér yfir daginn og það er bara virkilega leiðinlegt.“

KIRSTEN DUNST, sem lék meðal annars í Spiderman-myndunum, segir leik í hasarmyndum leiðinlegan.

fólk

folk@frettabladid.is



„Ef maður verður of mikill karakter utan hvíta tjaldsins, virðist það verða erfðara fyrir fólk að trúna þér í einhverju öðru hlutverki á hvíta tjaldinu. Ég held að það eyðileggi bara fyrir manni. Sjáðu bróður minn.“

CASEY AFFLECK vill ekki feta í fótspor bróður síns, Ben, hvað varðar áhugann frá slúðurpressunni.

„Tengdamóðir mín segir að kona eigi aldrei að setja neitt á sig sem hún hefur ekki efni á að týna.“

CATHERINE ZETA-JONES er annt um skartgripina sína.



Sprengjuhöllinni vel tekið

Sprengjuhöllin er vinsælasta hljómsveit landsins um þessar mundir. Aðdáendur sveitarinnar fjölmenntu í Austurbæ á föstudagskvöldið til að fagna útgáfu fyrstu hljómplötu Sprengjuhallarinnar.

Plata Sprengjuhallarinnar kallast Tímarnir okkar og fékk fantagóða dóma hér í Fréttablaðinu á útgáfudaginn. Virtist gagnrýnin hafa lagst vel í meðlimi sveitarinnar, sem kölluðu stoltir yfir salinn í fyrsta laginu: „Hvernig líst ykkur á nýja tíma í íslensku poppi?“

Tónleikarnir voru annars fantavel heppnaðir og var gleðibros á flestum gesta þegar þeir yfngáfu Austurbæ að þeim lokum. Sprengjuhallarmenn fögnuðu svo vel heppnuðu kvöldi með vinum og kunningjum á Barnum.



FRÁBÆRIR TÓNLEIKAR Strákarnir í Sprengjuhöllinni sýndu það og sönnuðu í Austurbæ á föstudagskvöld að það er ekki að ástæðulausu að þeir eru vinsælasta hljómsveit landsins nú um stundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



GOTT KVÖLD Freyja og Margrét ætluðu sér að njóta tónleikanna út í ystu æsar.



SPENNTAR Brynhildur Bolladóttir og Ásta Thoroddsen fylgdust með sínum mönnum.



FLOTTIR Í TAUINU Salvar, Róbert og Þórður Már komu vel undirbúnir.

Lindsay blönk eftir djammið

Ungstjarnan Lindsay Lohan hefur eytt öllum peningum sínum í djammlífurni síðustu mánaða. Alls hefur hún eytt um sjö milljónum dollara í sukkið, um 420 milljónum króna, að því er fram kemur í News of the World. Lindsay hefur sem kunnugt er verið á meðferðarheimili síðustu tvo mánuði til að reyna að sigrast á áfengis- og vímuefnavanda sínum. Þegar hún losnar út á næstu dögum mun hún ekki hafa efni á eigin heimili.

Helstu útgjaldaliðir Lindsay Lohan eru 60 milljóna króna hótélreikningur, nokkurra milljóna króna reikningur fyrir dvölinna á meðferðarheimilinu og háir lögfræðireikningar eftir að hún hefur margsinnis verið tekin fyrir ölvunarakstur.

„Lindsay fer beint til Los Angeles eftir meðferðina. Eina ástæðan er sú að hún verður að þéna peninga fljótt og vel,“ sagði heimildarmaður blaðsins.

Lífurni hennar fyrir meðferðina fær ekki góða umsögn hjá vinum hennar. „Hún veit ekkert hvað hún hefur eytt miklu í kókaín,“ sagði vinur hennar. Auk kókaínneyslunnar virtist Lindsay ekki hafa nokkrar áhyggjur af því í hvað hún eyddi peningum sínum. Þannig fékk hún reikning upp á 30 milljónir króna frá



SLYPP OG SNAUÐ Lindsay Lohan losnar úr meðferð í vikunni. Hún hefur eytt öllum peningum sínum í djammið.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

hóteli og annan eins fyrir bílstjóra á vegum hótelsins, en þá vildi hún hafa tilbúna þegar henni hentaði.

En þá er bara spurning hvort meðferðin hefur skilað einhverju? „Þetta var tímaeyðsla í fyrri tvö skiptin. Ég á eftir að sjá það gerast að Lindsay hætti að skemmta sér,“ sagði kunningi hennar.

LÁTTU DRAUMANA RÆTAST

... með peningunum
sem þú átt nú þegar!

25 milljóna lán Heildarkostnaður á 40 árum 130 milljónir þú sparar 60 milljónir	15 milljóna lán Heildarkostnaður á 40 árum 78 milljónir þú sparar 36 milljónir
---	--

Miðað við 4% verðbólgu, 4,5% vexti og styttingu læstima um 15 ár



Úr mínus í plús!

„Markmið eru draumar með dagsetningu“

Þúsundir Íslendinga eru að spara milljónir í vexti og verðbætur með uppgreiðslukerfi spara.is.

Námskeið I. kr. 9.000,-

Þriðjudaginn 16. október, kl. 18:20 – 22:20

Þriðjudaginn 13. nóvember, kl. 18:20 – 22:20

Á námskeiðinu lærir þú meðal annars:

- að greiða hratt niður lán með þeim peningum sem fara nú þegar í afborganir
- að byggja upp sparnað og eignir óháð tekjum og skuldum
- allt um vexti, verðbætur og lánakjör
- að fjárfesta á verðbréfamarkaði
- að búa sig fjárhagslega sem best undir lífið
- að undirbúa eftirlaunaárin
- að hafa gaman af því að eyða peningum



**Hvenær ætlar þú að
bætast í hópunn?**

„Þú átt nóg af peningum“

Umsagnir:

„Það er mér sönn ánægja að mæla með þessari bók. Ég keypti hana vegna þess að ég trúði ekki hinni ögrandi fullyrðingu höfundar. „Þú átt nóg af peningum...“ Nú veit ég að þessi fullyrðing er sönn“

- Þráinn Bertelsson, rithöfundur.

FJÁRFESTINGAR OG HLUTABRÉF

Námskeið II. kr. 9.000,-

Miðvikudaginn 17. október, kl. 18:20 – 22:20

Fimmtudaginn 15. nóvember, kl. 18:20 – 22:20

Láttu peningana vinna fyrir þig! Þú lærir að fjárfesta í eignum og hlutabréfum. Væntanlegur spútnik á hlutabréfamarkaði verður kynntur á hverju námskeiði Spútnikinn frá febrúarnámskeiðinu 2006 hefur skilað okkur yfir 500% ávöxtun og á mikið eftir!

Námskeiðin verða haldin í stofu 132 í Öskju, Háskóla Íslands, við Norræna húsið. Ath. sum stéttafélög greiða niður námskeiðin.



Skráning í síma: 587 2580 og á www.spara.is

NÝTT Í BÍÓ!

3 FRUMSÝNINGAR

Bölvun eða blessun?
 Good Luck Chuck
 Sofðu einu sinni hjá Chuck og næsti maður sem þú hittir er ást lífs þíns. Brjáðslega fyndin mynd!
 14

BESTA MYNDIN
 GULLPALMINN VANNES 2007
 4 months 3 weeks & 2 days
 12

THE KINGDOM
 HVERING STÓÐVARAU ÖVIN SEM ER ÖRNEDDUR VEIÐI ÖDVAJ?
 16

FRÁ MEISTARA ROB ZOMBIE KEMUR EIN SVAKALEGASTA MYND ÁRSINS!
 SLO Í GEGNI BANDARÍKJUNUM OG FÖR BEINT Á TOPPINN.
 DÖRÍ DNA - DV
 MISSIÐ EKKI AF ÞESSARI MÖGNUM HRYLLINGSMYNDI!
 16

THE 40-YEAR-OLD VIRGIN
 OG KNOCKED UP
 12

ALEXANDRA
 LYKUR ÞEGAR SÝNING MYNDAR HEST
 14

VEÐRAMÓT
 14

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000

GOOD LUCK CHUCK	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	14	4 MONTHS ENSKUR TEXTI	kl. 5.40 - 8 - 10.15	12
GOOD LUCK CHUCK LUXUS	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	14	EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
HALLOWEEN	kl. 8 - 10.25	16	ALEXANDRA ENSKUR TEXTI	kl. 10.15	14
SUPERBAD	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12	HALLOWEEN	kl. 8 - 10.30	16
SHOOT EM UP	kl. 10.20	16	VEÐRAMÓT	kl. 5.40 - 8	14
HÁKARLABEITA 600KR.	kl. 3.50 - 6				
HAIRSPRAY	kl. 5.30 - 8				
BRETTIN UPP ISL. TAL.	kl. 4				
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL.	kl. 3.45 300 kr. Sö. sýningar				

REGNBÖGINN Sími 551 9000

GOOD LUCK CHUCK	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14	GOOD LUCK CHUCK	kl. 8 - 10	14
THE KINGDOM	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16	THE KINGDOM	kl. 8 - 10.10	16
HEIMA - SIGURRÓS	kl. 6 - 8 - 10	14	HALLOWEEN	kl. 6	16
VEÐRAMÓT	kl. 5.40 - 8 - 10.20	14	SUPERBAD	kl. 6	12

Fékk stjórn á stétt

Leikarinn Sir Roger Moore, sem gerði garðinn frægan sem James Bond, hefur fengið stjórn sína á Frægðarstétt Hollywood. „Ég hef átt í ástarsambandi við Hollywood í fjölda ára,“ sagði Moore, sem er orðinn áttræður.

Moore lék í sjö Bond-myndum á tólf árum. Lék hann í þeirri fyrstu, Live and Let Die, árið 1973. Með honum við athöfnina voru eiginkona hans Kristina, dóttirin Deborah og synirnir Geoffrey og Christian. Richard Kiel, sem lék illmenninn Jaws í Bond-myndunum The Spy Who Loved Me og Moonraker, var einnig meðal viðstaddra.

Moore, sem starfar sem góðgerðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna, saknar þess að leika Bond en því miður hafi hann orðið að hætta. „Stúlkurnar voru farnar að yngjast, eða þá að ég var orðinn of gamall,“ sagði hann í léttum dúr.



SIR ROGER MOORE Roger Moore gerði garðinn frægan sem James Bond á árum áður.

Bloom slapp ómeiddur

Leikarinn Orlando Bloom slapp ómeiddur úr minni háttar árekstri í Hollywood fyrir skömmu. Bloom var að aka í mestu makindum þegar annar bíll ók í veg fyrir hann, sem varð til þess að leikarinn klessti á kyrrstæðan bíl.



Samkvæmt lögreglunni var Bloom ekki undir áhrifum áfengis og var á löglegum hraða. Bloom er þekktastur fyrir leik sinn í myndunum The Lord of the Rings, Pirates of the Caribbean og Troy.

ORLANDO BLOOM Leikarinn slapp ómeiddur úr árekstri í Hollywood.

Flottur Megas á stóra sviðinu

Laugardalshöllin var nokkuð þétt skipuð þegar Megas og Senubjórarnir hófu leik sinn á laugardagskvöldið. Dagskráin hófst á fyrstu tveimur lögum af Frágangi, Konung Gustav III:s Mord og Ábendingu, en síðan tók við tveggja og hálf títla rennsli í gegnum nokkur af þekktustu lögum Megasar. Alls voru flutt níu lög af Frágangi og tuttugu lög af eldri plötum. Lög af Millilendingu, Fram og aftur blindgötuna og Á bleikum náttkjólum voru fyrirferðarmikil á dagskránni, en plötur Megasar frá síðustu tveimur áratugum eða svo voru að mestu látnar eiga sig.

Megas var í fínu formi, söng vel

og hélt vel á spöðunum. Það var helst að maður saknaði þess að hann spjalldi aðeins meira á milli laga. Senubjórarnir eru frábær hljómsveit og fór vel með öll þessi meistaraverk sem voru á dagskránni. Þar er líka valinn maður í hverju rúmi. Ryþmminn var í höndum Nild Törnqvist trommuleikara, Sigurðar Guðmundssonar bassa-leikara og Guðmundar Kristins Jónssonar sem fór á kostum á ryþmagítarum, en effektar og sóló voru aðallega verk gítarleikarans Guðmundar Péturssonar og hljómborðsleikarans Mikael Svensson sem báðir áttu stjórnuleik.

Hljómsveitin fór vel með flest lög kvöldsins, en hæstum hæðum náði hún þegar hún djammaði lögin svölftið upp og breytti útsetningum. Ég nefni t.d. Reykjavíkurnætur, Vertu mér samferða inni blómalandið amma, Litlir sætir strákar, Orfeus og Evrídís og Gömlu gastöðina við Hlemm. Það sauð á bandinu í þessum lögum. Dagskránni lauk á power-útgáfu af Spáðu í mig og eftir stutt upplapp tók bandið þrjú lög til viðbótar sem öll voru stórkostlega flutt: Krókóðilamaðurinn, Við sem heima sitjum # 45 og Paradísarfuglinn. Það var eitthvað klappað að þessum þremur lögum loknum, en flestir tónleikagesta gerðu sér grein fyrir því að þetta yrði ekki toppað.

Tónleikarnir í Höllinni voru stærstu tónleikarnir á ferli Megasar. Það vakti athygli að dagskráin var nákvæmlega eins og sú dagskrá sem Senubjórarnir hafa verið að spila í sumar. Og það var ekkert verið að kalla til einhverja gesti, aukahljóðfæraleikara eða bakraddasöngvara. Það var sama sex manna grunneiningin sem hélt uppi þessum tónleikum og öllum hinum. Það kom mér reyndar á



TÓNLEIKAR

Megas og Senubjórarnir

Laugardalshöll 13. október

★★★★

Megas og Senubjórarnir voru í miklum ham á vel heppnuðum tónleikum í Höllinni á laugardagskvöldið. Þeir fóru á kostum og spiluðu tæplega 30 af þekktustu lögum Megasar við mikinn fögnuð áhorfenda.

Óvart að það skyldi ekki vera spilað neitt af nýju Megasar-plötunni Hold er mold sem kemur út í dag og var til sölu í anddyrinu.

Á heildina litið voru þetta fínir tónleikar. Umgjörðin var mjög falleg og gaf þeim hátíðlegan blæ. Sviðsmyndin var einföld (eitt tré og ljósasería) og lýsingin var látlaus en áhrifamikil. Hin eiginlega tónleikadagskrá var líka römmuð inn af tveimur af fallegustu perlum íslenskrar dægurlagasögu. Draumur fangans með Erlu Þorsteins hljómaði í upphafi tónleikanna og Þrek og tár með Erlu og Hauki Morthens eftir að dagskránni lauk.

Trausti Júlíusson

LAGALISTINN

1. Konung Gustav III:s Mord
2. Ábending
3. Lóa Lóa
4. Gott er að elska
5. Sút fló í brjóstið inn
6. Ragnheiður biskupsdóttir
7. Heimspekilegar vangaveitur um þjóðfélagsstöðu
8. Jólanáttburður
9. Huggutugga
10. Reykjavíkurnætur
11. Tilmæli
12. Vertu mér samferða inni blómalandið amma
13. Álafossúlpan
14. Ég á mig sjálf
15. Uppskeruhátíð
16. Napóleón Bekk
17. Litlir sætir strákar
18. Freyjufár
19. Saga úr sveitinni
20. Kvöld í Atlavík
21. Orfeus og Evrídís
22. Niður með náttúruna
23. Gamla gastöðin við Hlemm
24. M-Nótt
25. Tvaer stjörnur
26. Spáðu í mig
27. Krókóðilamaðurinn
28. Við sem heima sitjum # 45
29. Paradísarfuglinn

www.SAMBIO.is 1575 8900 midt.is

THE KINGDOM
 HVERING STÓÐVARAU ÖVIN SEM ER ÖRNEDDUR VEIÐI ÖDVAJ?
 16

SUPERBAD
 12

STARDUST
 12

NO RESERVATIONS
 12

ASTRÓPÍA
 12

THE KINGDOM
 16

THE BRAVE ONE
 12

STARDUST
 12

NO RESERVATIONS
 12

ASTRÓPÍA
 12

HAFTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
 KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IS

Nýtt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE KINGDOM
 HVERING STÓÐVARAU ÖVIN SEM ER ÖRNEDDUR VEIÐI ÖDVAJ?
 16

3:10 TO YUMA
 16

CHUCK & LARRY
 12

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE KINGDOM	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
3:10 TO YUMA	kl. 5.30, 8 og 10.30	16
CHUCK & LARRY	kl. 5.45, 8 og 10.15	12

www.laugarasbio.is - Miðasala á midt.is

Á elleftu stundu

Við höfum líklega öll tilhneigingu til að bæjga frá okkur ýmsum óþægilegum staðreyndum. Þetta gerum við vegna þess að það er svo miklu auðveldara að vita ekki neitt. Það hlýtur því að setja að manni vissan kvíða áður en sest er í bíósal til að horfa á heimildarmynd um umhverfisvanda heimsins. Það er í raun ávísun á að fá beint í andlitið bílhlass af óhugnanlegum staðreyndum sem maður veit fullvel en geymir yfirleitt þarna einhvers staðar rétt undir meðvitundinni. Og jú, The 11th Hour kemur með blákaldar staðreyndirnar á færibandi.

Myndin er byggð á viðtölum við fjölda óháðra sérfræðinga af ýmsu þjóðerni, bæði konur og karla, og meðal annarra koma fram í henni Stephen Hawking, Mikhail Gorbatsjov og Wangari Maathai. Þetta eru ekki aðeins vísindamenn í hvítum sloppum með mæliglas

heldur líka hönnuðir, sagnfræðingar, hugsuðir og leiðtogar. Uppbygging myndarinnar er mjög góð og heldur athygli áhorfandans allan tímann. Leonardo DiCaprio sómir sér vel sem kynnir innan um alla þessa fræðimenn.

Á köflum langar mann helst að gráta (tónlist Sigur Rósar í bakgrunni hefur sín áhrif) en þrátt fyrir það gekk ég ekki út af myndinni full vonleysis. The 11th Hour er alls ekki í ásakandi predikunartón, líklega vegna allra þeirra ólíku sjónarmiða sem koma fram meðal viðmælenda. Hún spilar frekar á tilfinningar okkar sem skapandi mannverur. Hún gerir okkur ljóst að þegar öllu er á botninn hvolft er framtíð heimsins undir því komin hvernig ný kynslóð lítur á tilvist sína. Erum við kynslóð glataðra tækifæra eða nýrra tækifæra? Enn fremur minnir hún okkur á að það er raun-

KVIKMYNDIR

The 11th Hour

Leikstjórar: Leila Conners Petersen og Nadia Conners.

★★★★

Mjög vönduð heimildarmynd af hæfilegri lengd þar sem fram koma ótal vangaveitur og hugmyndir sem munu vonandi nýtast okkur sófakynslóðinni vel við að bjarga heiminum.

verulega komið að elleftu stundu. Góð heimildarmynd er ekki búin um leið og gengið er út úr bíósalnum heldur hvetur hún mann til að leita meiri fróðleiks, ef ekki til aðgerða. Þess vegna vona ég að sem flestir opni augun og fari að sjá The 11th Hour.

Auður Viðarsdóttir

Eini lygarinn í heiminum

Breski grínistinn Ricky Gervais leikstýrir, skrifar handritið og fer með aðalhlutverkið í Hollywood-myndinni *In This Side of the Truth*. Þar leikur hann eina manninn í öllum heiminum sem getur logið.



„Í heimi þar sem enginn lýgur er ég eins og

Súperman vegna þess að allir trúa öllu sem ég segi,“ sagði Gervais, sem sló í gegn í sjónvarpsþáttunum *The Office*. Þetta verður fyrsta Hollywood-myndin þar sem hinn 46 ára Gervais fer með aðalhlutverkið. Hann hefur áður leikið í myndunum *Night at the Museum* og *Stardust*.

RICKY GERVAIS Grínistinn Ricky Gervais fer með aðalhlutverkið í *In This Side of the Truth*.

Auknar vinsældir

Nýjasta lagi hljómsveitarinnar Steed Lord, *Feel the Heat*, var hlaðið 43 þúsund sinnum niður af heimasíðu sveitarinnar á aðeins fimm dögum. Einnig hefur lagið *Bucket of Blood*, þar sem Krummi er gestasöngvari, fengið góða umfjöllun.

Á næstunni mun Steed Lord gefa út á netinu stuttiskífuna *Dirty Mutha EP*. Á henni verða helstu lög sveitarinnar ásamt endurhljóðblönduðum lögum. Fyrsta plata Steed Lord í fullri lengd er svo væntanleg í byrjun næsta árs.

Steed Lord kemur fram á VICE-kvöldinu á Airwaves laugardagskvöldið 20. október ásamt Bonde Do Role og Chromeo. Krummi mun aðstoða þau í laginu *Bucket*



STEED LORD Hljómsveitin Steed Lord er að gera góða hluti um þessar mundir.

of Blood. Hinn 26. október er svo væntanleg fyrsta fatalínan frá Steed Lord. Var sveitin fengin til að hanna prent fyrir fatnað á vegum fyrirtækisins H&M undir merkjum *Divided*. Verða fötin fánleg í yfir fimmtíu löndum.

Óvenjulegt popp

Hljómsveitin Sometime hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist *Supercalifragilisticexpialidocious*. Aðalsprautu sveitarinnar er Daníel Þorsteinnsson, sem er þekktastur sem trommari Maus.

„Ég byrjaði að semja þetta í lok 2005 og þetta er búið að vera í vinnslu síðan,“ segir Danni um nýju plötuna. „Það var svolítið stefnan að gera popplög en þetta er samt ekki venjulegt popp,“ segir hann um tónlist Sometime.

Hljómsveitin hefur spilað mikið undanfarin misseri og er nýkomin heim úr stuttri tónleikaferð um Austur-Evrópu. „Við spiluðum í Prag og Varsjá og það gekk rosa-lega vel. Fólk þekkti okkur ekkert en það var biluð stemning.“ Ásamt Danna skipa Sometime



SOMETIME Hljómsveitin Sometime hefur gefið út sína fyrstu plötu.

söngkonan og plötusnúðurinn Diva De La Rosa, DJ Dice, sem áður var í Quarashi, og í stað Curvers, sem vann plötuna með Danna, er kominn Oculus.

Sometime spilar næst á Iceland Airwaves-hátíðinni 19. október á Organ kl. 00.45. Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða síðan haldnir í nóvember. Nánari upplýsingar um Sometime má finna á heimasíðunni www.myspace.com/sometimegroup.

Eagles spilar í London

Hljómsveitin Eagles ætlar að halda tónleika í London 31. október fyrir framan einungis 2.300 manns. Tilfnið er nýjasta plata sveitarinnar, *Long Road Out of Eden*, sem kemur út daginn fyrir tónleikana.

Þetta verður fyrsta plata Eagles með nýju efni síðan *The Long Run* kom út árið 1979. Eagles hætti störfum árið 1980 en sneri aftur úr dvala árið 1994. Frægasta lag sveitarinnar er vafalítið *Hotel California*. Á meðal fleiri þekktra laga eru *Take It Easy*, *Desperado* og *Tequila Sunrise*.



ÁTAK MEÐ FJÓLU

LÍFSTÍLÍNÁMSKEIÐ SEM STENDUR YFIR Í ÁTTA VIKUR ÞAR SEM MÆRKMÍÐ ERU SETT OG ÞEIM NÁÐ.

Hefst 16. Október

Frekari upplýsingar:

MECCA SPA

www.meccaspa.is
og síma 511-2111

INNKÖLLUN VEGNA RAFRÆNNAR SKRÁNINGAR HLUTABRÉFA Í SAGA CAPITAL FJÁRFESTINGARBANKA HF.

Mánudaginn 26. nóvember 2007 verða hlutabréf í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. þar að lútandi. Þar af leiðandi verða engin viðskipti með hlutabréf félagsins þann dag. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í fyrirtækinu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. tekin til rafrænnar skráningar en þau eru öll í einum flokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa sem telja nokkurn vafa leika á að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hlutaskrár Saga Capital Fjárfestingarbanka hf., Hafnarstræti 53, 600 Akureyri eða í síma/netfangið 545 2640/halla@sagacapital.is. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu fyrir nefndan dag.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, þ.e. banka, verðbréfafyriræki eða sparisjóð sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. fyrir skráningardag.

Athygli hluthafa er vakin á að hin áþreifanlegu hlutabréf félagsins verða ógild sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins. Jafnframt er vakin athygli á að ferli rafrænnar skráningar hefur engin áhrif á möguleika hluthafa til að eiga viðskipti með hluti sína í félaginu að undanskildum sjálfum skráningardegnum.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun umsjón með eignarhlut sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína svo sem vegna sölu eða skipta. Reikningsstofnun mun í þessu skyni stofna VS-reikning í nafni viðkomandi hluthafa. Hluthöfum félagsins verður kynnt þetta bréfleiðis.

Stjórn Saga Capital Fjárfestingarbanka hf.

Saga Capital

> Dómaraklúður á stórleiknum

Leikur Hauka og Stjörnunnar í gær er einn af fyrstu stórleikjum vetrarins og ótrúlegt dómaraklúður setti svartan blett á leikinn. Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson áttu að dæma leikinn en höfðu afboðað sig. HSÍ láðist aftur á móti að boða annað dómarapar á leikinn og það uppgötvaðist ekki fyrr en 45 mínútur voru í leikinn. Dómararnir sem fengust til þess að dæma, sem eru ekki þar sem er vant að dæma saman, komu því ekki fyrr en stutt var í leikinn. Um 15 mínútna seinkun varð því á leiknum, sem var ákaflega neyðarlegt, ekki síst í ljósi þess að leikurinn var í beinni útsendingu á RÚV. Vonandi klíkka slík grundvallaratriði ekki aftur.



sport
sport@frettabladid.is

FRAMARAR RÁÐA NÝJAN ÞJÁLFARA: ÞORVALDUR ÖRLYGSSON TEKUR VIÐ STARFINU AF ÓLAFI ÞÓRÐARSYNI

Gerði tveggja ára óuppsegjanlegan samning

Þorvaldur Örlygsson var í gær ráðinn þjálfari meistaraflokks karla hjá Fram. Hann tekur við starfinu af Ólafi Þórðarsyni, sem var rekinn á dögum. Þorvaldur þjálfaði síðast KA í efstu deild en var síðast þjálfari Fjarðabyggðar þar sem hann náði athyglisverðum árangri.

„Ég talaði við Framara fyrst fyrir viku, hitti þá á föstudaginn síðasta og þetta var svo klárað á sunnudegi. Þetta tók skammta tíma. Ég var mjög spenntur að heyra hvað Framarar höfðu fram að færa og ég tel þetta starf áskorun sem sé þess virði að taka,“ sagði Þorvaldur við Fréttablaðið í gær. Lítið starfsöruggi hefur verið í Safamýrinni síðustu ár og því kemur ekki á óvart að Þorvaldur skuli gera tveggja ára óuppsegjanlegan samning við félagið.

„Er eitthvað starfsöruggi í þessum fótbolta annars? Sagan segir vissulega að það sé lítið starfsöruggi hjá Fram en það er þeim mun meiri áskorun að festa sig í sessi hjá félaginu. Ég verð hér vonandi að minnsta kosti næstu

tvö ár,“ sagði Þorvaldur, sem er spenntur fyrir starfinu. „Fram er stórt félag sem vill árangur og vonandi gengur mér vel að búa til lið sem verður vel samkeppnishæft í öllum leikjum næsta sumar. Það þarf líka að ná stöðugleika með liðið þannig að það vinni fleiri leiki í röð í stað þess að vinna bara einn og einn annað slag.“

Þorvaldur ætlar að byrja á því að ganga frá samningum við þá leikmenn sem eru með lausa samninga áður en hann fer að kíkja í kringum sig á markaðnum. Þorvaldur og fjölskylda búa á Akureyri en munu flytja búferlum suður.

„Það er náttúrulega ekki hægt að þjálfra liðið í gegnum netið þannig að það kemur lítið annað til greina. Það leggst annars vel í mig að vera kominn aftur í baráttuna í efstu deild enda mikil læti og pressa þar. Maður er í þessum bransa til þess að taka spennandi áskorunum og þetta er klárlega spennandi áskorun,“ sagði nýráðinn þjálfari Fram en öll liðin í Landsbankadeildinni hafa þar með gengið frá þjálfaramálum sínum.



MARKATAFLA

Flest mörk skoruð fyrir A-landsliðið á Laugardalsvelli:

Eiður Smári Guðjohnsen	13
Arnór Guðjohnsen	11
Ríkharður Daðason	9
Eyjólfur Sverrisson	7
Atli Eðvaldsson	6
Helgi Sigurðsson	6
Teitur Þórðarson	6

EIÐUR SMÁRI

19 mörk Eiðs Smára Guðjohnsen með íslenska landsliðinu:

Leikir án þess að skora	31
Leikir með einu marki	15
Leikir með tveimur mörkum	2

Mörk sem byrjunarliðsmaður	18
Mörk sem varamaður	1
Mörk sem fyrirliði	12

Mörk í keppni	17
Mörk í vináttuleikjum	2

Mörk í undankeppni EM	9
Mörk í undankeppni HM	8

Mörk á heimavelli	13
Mörk á útivelli	6

Mörk í fyrri hálfleik	9
Mörk í seinni hálfleik	10

Mörk með vinstri fæti	2
Mörk með hægri fæti	15 (1 víti)
Mörk með skalla	2

Mörk úr markteig	5
Mörk í vítateig utan markteigs	10
Mörk utan teigs	3
Mörk úr vitum	1

Mörk í mars	1
Mörk í apríl	1
Mörk í júní	4
Mörk í ágúst	3
Mörk í september	5
Mörk í október	5

Mörk á 1.-15. mínútu	2
Mörk á 16.-30. mínútu	4
Mörk á 31.-45. mínútu	3
Mörk á 46.-60. mínútu	3
Mörk á 61.-75. mínútu	5
Mörk á 76.-90. mínútu	2

Bætti líka markamet pabba síns

Eiður Smári Guðjohnsen bætti tvö markamet á laugardaginn. Annars vegar markamet sitt og Ríkharðs Jónssonar yfir flest mörk skoruð fyrir A-landslið karla og hins vegar markamet sem hann átti með föður sínum, Arnóri Guðjohnsen, yfir flest mörk skoruð á Laugardalsvelli.

FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen bætti tvö markamet um leið og hann endaði markapurð sína með íslenska landsliðinu á laugardaginn. Eiður Smári, sem skoraði sitt fyrsta landsliðsmark í 543 mínútur, sló þá bæði met Ríkharðs Jónssonar sem og met sitt og föður síns, Arnórs Guðjohnsen.

Eiður Smári var þegar búinn að tryggja sér metin yfir flest landsliðsmörk í keppni sem og flest mörk bæði í undankeppnum EM og HM.

Eiður og Ríkharður voru búnir að eiga saman markamet A-landsliðsins í rúmt ár, síðan Eiður Smári skoraði 17. mark sitt, en fram að því hafði Ríkharður átt metið í 58 ár.

Eiður og faðir hans, Arnór, voru búnir að eiga markamet Laugardalsvallar síðan Eiður Smári skoraði sitt ellefta mark í Laugardalnum gegn Króötum 3. september 2005.

Eiður Smári hafði ekki skorað fyrir landsliðið síðan hann jafnaði markamet Ríkharðs Jónssonar 2. september 2006. Síðan þá hafði hann spilað sex leiki í röð án þess að skora. Þetta var næstlengsta bið Eiðs Smára eftir landsliðsmarki en hann þurfti að bíða í 647 mínútur eftir öðru landsliðsmarki sínu.

Eiður Smári hefur skorað mörkin sín 19 í 48 landsleikjum, þar af hefur hann skorað 12 mörk í 26 leikjum síðan hann var gerður að fyrirliða landsliðsins í júní 2003. Það vekur mikla athygli að Eiður



